

*Kerhólsskóli*  
**Skólanámskrá 2011-2012**



*Leiðarvísir um skólastarfið*

## Efnisyfirlit

Formáli .....	5
Kerhólsskóli .....	6
1. Almennar upplýsingar.....	7
Starfsmenn skólans og viðtalstímar .....	7
Starfsemi sem tengist skólastarfinu .....	8
Skólabílfstjórar .....	8
Umsjónarmaður fasteigna .....	8
Umsjónarmaður Íþróttamiðstöðvarinnar á Borg.....	8
Nemendur.....	9
Nefndir og ráð skólaárið 2011-2012 .....	10
Umsjónarmenn verkefna og staðgengill skólastjóra .....	10
Trúnaðarmaður kennara .....	10
Öryggistrúnaðarmenn .....	10
Fræðslunefnd.....	10
Skólaráð .....	11
Stjórn nemendafélagsins .....	11
Umsjón með nemendafélaginu .....	11
Stjórn foreldrafélagsins .....	12
Sjálfsmatsteymi.....	12
Bekkjjarfulltrúar .....	12
Bekkjjarfulltrúar í leikskóladeild .....	12
Bekkjjarfulltrúar í grunnskóladeild.....	12
Skólareglur grunnskóladeildar .....	13
Skólaakstur.....	14
Skólabókasafn .....	15
Skólamötuneyti .....	16
Skólasel .....	16
Íþróttamiðstöð .....	16
Mentor.....	17
Heimasíða .....	17

2. Skólastarfið og áherslur .....	18
Teymiskennsla og samkennsla árganga .....	18
Einstaklingsmiðun og námsmat .....	18
Leiðsagnarmat .....	19
Einstaklingsmiðaðir kennsluhættir .....	19
Lestrarstefna .....	21
Náttúrufræði og umhverfismennt .....	22
Útiskóli .....	22
Vettvangsferðir .....	23
Mismunandi tegundir vettvangsferða .....	23
Vettvangsferðir leikskóladeildar skólaárið 2011-2012 .....	25
Vettvangsferðir grunnskóladeildar skólaárið 2011-2012 .....	26
List- og verkgreinar .....	27
Árshátíð grunnskóladeildar .....	27
Þróunarverkefni .....	28
Námsmat í einstaklingsmiðuðum kennsluháttum .....	28
Fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir .....	28
Til móts við náttúruna .....	28
ART .....	29
Samstarf leik- og grunnskóladeildar .....	30
Samstarf við Sesseljuhús .....	30
Tónlistarskóli Árnesinga .....	31
Hljóðfærakennsla .....	31
Félagsstarf nemenda .....	31
Nemendafélag .....	32
Lög Nemendafélags Kerhólsskóla .....	32
Foreldrasamstarf .....	33
Skólaráð .....	34
Foreldrafélag .....	34
Bekkjarfulltrúar .....	35
Mat á skólastarfi .....	35
3. Stoðþjónusta .....	36
Einstaklingurinn í fyrirrúmi .....	36
Sérkennsla .....	37
Heilsugæsla .....	37
Félagsráðgjöf .....	39
Skólaskrifstofa Suðurlands .....	39
4. Hagnýtar upplýsingar .....	40
Forföll og leyfi .....	40

Svefn .....	40
Frímínútur - fatnaður.....	40
Kennslubækur .....	40
Persónulegir munir.....	41
Tryggingar og tjón .....	41
Nesti .....	41
Brunavarnir og neyðarskipulag.....	41
Óveður.....	41
Skóladagatal .....	41

## Formáli

Skólanámskrá Kerhólsskóla er leiðarvísir um skólastarfið, ætluð nemendum, foreldrum, starfsfólki og öðrum þeim sem vilja kynna sér starfsemi skólans.

Skólanámskráin er í tveimur hlutum. Fyrri hlutinn inniheldur ýmsar upplýsingar um skólann og skólastarfið og seinni hlutinn inniheldur bekkja- og hópanámskrár þar sem fjallað er um hin ýmsu viðfangsefni, einstakar námsgreinar, markmið, leiðir í námi og kennslu, kennslugögn og námsmat. Í seinni hluta skólanámskrárinnar er birt viðmiðunastundaskrá Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og gerð grein fyrir útfærslu Kerhólsskóla á viðmiðunarstundaskránni.

Fyrri hluti skólanámskrárinnar hefur að geyma fjóra kafla.

Í fyrsta kafla eru upplýsingar um skólann, s.s. um nemendur og starfsfólk og hverjir skipa ráð, nefndir og félag sem valið er í á vegum starfsmanna, foreldra og nemenda.

Í öðrum kafla er fjallað um skólastarfið, helstu áherslur skólans og námsfyrirkomulag.

Þriðji kafla fjallar um þá stoðþjónustu sem nemendum og forráðamönnum stendur til boða og í fjórða kafla eru ýmsar hagnýtar upplýsingar sem gott er að hafa við höndina. Aftast í þeim kafla er skóladagatal skólaársins.

Skólanámskrána er hægt að nálgast á heimasíðu skólans; <http://www.kerholsskoli.is>.

Kaflinn; *Almennar upplýsingar* í fyrri hluta hennar er prentaður á pappír og send á öll heimili nemenda.

Skólanámskráin er stöðugt í þróun og allar ábendingar varðandi efni, efnistöð eða annað sem lesendum dettur í hug eru vel þegnar. Vinsamlegast sendið slíkar ábendingar á netfang skólans; [kerholsskoli@kerholsskoli.is](mailto:kerholsskoli@kerholsskoli.is).

Borg, 1. desember 2011,

Hilmar Björgvinsson skólastjóri

## Kerhólsskóli

Kerhólsskóli í Grímsnes- og Grafningshreppi varð til við sameiningu leikskólans Kátuborgar og Grunnskólans Ljósaborgar 1. janúar 2011. Í leikskóladeildinni eru nemendur frá 12 mánaða aldri og í grunnskóladeildinni eru nemendur í 1.-8. bekk.

Leikskóli hefur verið starfræktur í sveitarfélaginu frá árinu 1987. Hann hefur verið staðsettur á Borg frá árinu 1989, fyrst um sinn í kjallara Félagsheimilisins og frá árinu 1994 að Borgarbraut 20.

Grunnskólinn Ljósaborg var vígður haustið 2005 í nýrri skólabyggingu á Borg og var fyrstu tvö skólaárin rekinn í samstarfi við Bláskógabyggð. Haustið 2007 lauk því samstarfi og hefur Grímsnes- og Grafningshreppur rekið skólann frá þeim tíma. Eldri grunnskólanemendur í Grímsnes- og Grafningshreppi sækja Grunnskóla Bláskóga-byggðar í Reykholti í Biskupstungum.

Fram til vorsins 2009 sóttu nemendur úr Þingvallasveit grunnskólann. Áður fór grunnskólastarf hreppanna fram á Ljósafossi en þar hafði verið skóli frá því um miðjan fimmta áratug síðustu aldar.

Kerhólsskóli vinnur í anda einstaklingsmiðaðra kennsluhátta, umhverfismenntar auk þess sem áhersla er lögð á list og verkgreinar. Áhersla er lögð á samkenndu árganga og teymisvinnu kennara.

# 1. Almennar upplýsingar

**Kerhólsskóli**  
Grímsnes- og Grafningshreppi,  
Borg, 801 Selfoss  
[kerholsskoli@kerholsskoli.is](mailto:kerholsskoli@kerholsskoli.is)  
<http://www.kerholsskoli.is>

-Skrifstofa	482 2618
-Fax	486 4490
-Skólastjóri	482 2617
-Farsími skólastjóra	863 0463

**Leikskóladeild**  
Borgarbraut 20, 801 Selfoss  
[leikskoladeild@kerholsskoli.is](mailto:leikskoladeild@kerholsskoli.is)

-Skrifstofa	486 4492
-------------	----------

**Grunnskóladeild**  
Borg, 801 Selfoss  
[kerholsskoli@kerholsskoli.is](mailto:kerholsskoli@kerholsskoli.is)

-Skrifstofa	482 2618
-------------	----------

<b>Skólamötuneyti</b>	486 4588
<b>Íþróttamiðstöð</b>	486 4402
<b>Stjórnarsýsluhús</b>	486 4400

## **Starfsmenn skólans og viðtalstímar**

Við Kerhólsskóla starfa 17 starfsmenn. Auk skólastjóra eru 7 grunnskólakennarar í rúmum 6 stöðugildum, 4 leikskólakennarar/leiðbeinendur í 3,5 stöðugildum, einn skólaliði, einn stuðningsfulltrúi, einn almennur starfsmaður í leikskóla, matráður og aðstoðarmatráður í 4,5 stöðugildum. Samtals eru 15,5 stöðugildi við skólann með öllu.

### **Starfsmenn skólans**

Alice Petersen	Umsj.k. 3-5.b
Anna Margrét Sigurða	Sérkennari
Áslaug Guðmundsd.	Matráður
Ásta Björk Björnsd.	Kennari
Birna Guðrún Jónsd.	Leiksk.kennari
Helga Haraldsdóttir	Stuðningsf.

### **Viðtalstímar:**

<a href="mailto:alice@kerholsskoli.is">alice@kerholsskoli.is</a>	Þri 14:10 -14:50
<a href="mailto:annamargret@kerholsskoli.is">annamargret@kerholsskoli.is</a>	eftir samkomulagi
<a href="mailto:aslaug@kerholsskoli.is">aslaug@kerholsskoli.is</a>	eftir samkomulagi
<a href="mailto:astabjork@kerholsskoli.is">astabjork@kerholsskoli.is</a>	eftir samkomulagi
<a href="mailto:birna@kerholsskoli.is">birna@kerholsskoli.is</a>	eftir samkomulagi
<a href="mailto:helga@kerholsskoli.is">helga@kerholsskoli.is</a>	eftir samkomulagi

Hilmar Björgvinss.	Skólastjóri	<a href="mailto:hilmar@kerholsskoli.is">hilmar@kerholsskoli.is</a>	eftir samkomulagi
Hólmfr. Fjóra Smárad	Íþróttakennari	<a href="mailto:holmfridur@kerholsskoli.is">holmfridur@kerholsskoli.is</a>	eftir samkomulagi
Jóhanna Thorsteinson	Umsj.k 7.-8.b	<a href="mailto:johanna@kerholsskoli.is">johanna@kerholsskoli.is</a>	mið. kl. 10:10-10:50
Ingveldur Eiríksd.	Námsleyfi	<a href="mailto:ingveldur@kerholsskoli.is">ingveldur@kerholsskoli.is</a>	
Kristín Konráðsdóttir	Leisk. leiðb.	<a href="mailto:kristin@kerholsskoli.is">kristin@kerholsskoli.is</a>	eftir samkomulagi
Krystyna Pinkowicz	Skólaliði	<a href="mailto:krystyna@kerholsskoli.is">krystyna@kerholsskoli.is</a>	eftir samkomulagi
Linda Waagfjörð	Aðstoðarmatr.	<a href="mailto:linda@kerholsskoli.is">linda@kerholsskoli.is</a>	eftir samkomulagi
Margrét Gunnarsd.	Leisk.leiðb.	<a href="mailto:margret@kerholsskoli.is">margret@kerholsskoli.is</a>	eftir samkomulagi
Ragna Björnsdóttir	Umsj.k. 1.-2.b	<a href="mailto:ragna@kerholsskoli.is">ragna@kerholsskoli.is</a>	fim. kl. 12:50-13:30
Svanhildur Eiríksd.	Deildarstj.leisk.	<a href="mailto:svanhildur@kerholsskoli.is">svanhildur@kerholsskoli.is</a>	eftir samkomulagi
Ursula Filmer	Starfsm.leisk.	<a href="mailto:ulla@kerholsskoli.is">ulla@kerholsskoli.is</a>	eftir samkomulagi
Pórunn Ingvadóttir	Umsj.k. 6.b	<a href="mailto:thorunn@kerholsskoli.is">thorunn@kerholsskoli.is</a>	mán. kl. 9:10- 9:30

## ***Starfsemi sem tengist skólastarfinu***

### **Skólabílstjórar**

Fjórir bílstjórar sjá um skólaaksturinn.

Guðmundur Þorvaldsson	Farsími: 894-4566
Björn Pálmarsson	Farsími: 869-1855
Jón Haukur Bjarnason	Farsími: 893-2399 (Afleysingar: Haukur 650-4449)
Pálmar Sigurjónsson	Farsími: 892-0124

### **Umsjónarmaður fasteigna**

Umsjónarmaður fasteigna heldur utan um allar fasteignir sveitarfélagsins ásamt öðrum verkefnum.

Halldór Maríasson      [halldor@gogg.is](mailto:halldor@gogg.is)      892 1684

### **Umsjónarmaður Íþróttamiðstöðvarinnar á Borg**

Rut Guðmundsdóttir      [sundlaug@gogg.is](mailto:sundlaug@gogg.is)      486 4402 / 899 8841

## **Nemendur**

*Fjöldi nemenda í janúar 2012:*

### **Leikskóladeild**

	Piltar	Stúlkur	Alls:
F. 2010	4	1	5
F. 2009	3	2	5
F. 2008	0	3	3
F. 2007	2	3	5
<hr/>			
<b><i>Samtals:</i></b>	<b>8</b>	<b>9</b>	<b>18</b>

### **Grunnskóladeild**

	Piltar	Stúlkur	Alls:
1. bekkur	3	2	5
2. bekkur	2	3	5
3. bekkur	1	1	2
4. bekkur	3	1	4
5. bekkur	2	4	6
6. bekkur	4	4	8
7. bekkur	3	0	3
8. bekkur	5	0	5
<hr/>			
<b><i>Samtals:</i></b>	<b>23</b>	<b>15</b>	<b>38</b>

## **Nefndir og ráð skólaárið 2011-2012**

### **Umsjónarmenn verkefna og staðgengill skólastjóra**

Anna Margrét Sigurðardóttir  
Ingveldur Eiríksdóttir

Ragna Björnsdóttir

Umsjón yfir sérkennslu  
Umsjón yfir einstaklingsmiðuðum kennsluháttum og  
Námsmati. Í námsleyfi 2011-2012.  
Umsjón yfir náttúrufræði og umhverfismennt og  
staðgengill skólastjóra

### **Trúnaðarmaður kennara**

Anna Margrét Sigurðardóttir

#### **Varamaður:**

Ásta Björk Björnsdóttir

### **Öryggistrúnaðarmenn**

Ragna Björnsdóttir  
Ursula Filmer

Fulltrúi starfsmanna  
Fulltrúi skólans

### **Fræðslunefnd**

Guðný Tómasdóttir, formaður  
Benedikt Gústavsson  
Hugrún Gréta Sigurðardóttir

[gudnyjon@emax.is](mailto:gudnyjon@emax.is)  
[benedikt@selfoss.is](mailto:benedikt@selfoss.is)  
[hugrungs@gmail.com](mailto:hugrungs@gmail.com)

#### **Varamenn:**

Gunnar Þorgeirsson  
Sverrir Sigurjónsson  
Bjarni Þorkelsson

[gunnar@gogg.is](mailto:gunnar@gogg.is)  
[sverrir@atvinnurekendur.is](mailto:sverrir@atvinnurekendur.is)  
[bjarnithorkels@gmail.com](mailto:bjarnithorkels@gmail.com)

### **Áheyrnarfulltrúar:**

Svanhildur Eiríksdóttir  
Hilmar Björgvinsson  
Birgir Leó Ólafsson  
Ingibjörg Harðardóttir

Deildarstjóri leikskóladeildar  
Skólastjóri  
Fulltrúi foreldra grunnskólans  
Sveitarstjóri

[svanhildur@kerholsskoli.is](mailto:svanhildur@kerholsskoli.is)  
[hilmar@kerholsskoli.is](mailto:hilmar@kerholsskoli.is)  
[blo@verkis.is](mailto:blo@verkis.is)  
[sveitarstjori@gogg.is](mailto:sveitarstjori@gogg.is)

#### **Varamenn:**

Þórunn Ingvadóttir  
Pétur Thomsen

Fulltrúi kennara  
Fulltrúi foreldara

[thorunn@kerholsskoli.is](mailto:thorunn@kerholsskoli.is)  
[petur@peturthomsen.is](mailto:petur@peturthomsen.is)

## Skólaráð

### Skólastjóri

Hilmar Björgvinsson [hilmar@kerholsskoli.is](mailto:hilmar@kerholsskoli.is)

### Fulltrúar foreldra:

Eva Björk Kristborgardóttir [evakristborgar@gmail.com](mailto:evakristborgar@gmail.com)

Karen Sigurðardóttir [karen@peturthomsen.is](mailto:karen@peturthomsen.is)

### Varamenn:

Sigríður Esther Birgisd. [herragardurinn@gmail.com](mailto:herragardurinn@gmail.com)

Sigurður Halldórsson [homrum@simnet.is](mailto:homrum@simnet.is)

### Fulltrúi grenndarsamfélagsins:

Birgir Thomsen [birgir@solheimar.is](mailto:birgir@solheimar.is)

### Varamaður:

Ingólfur Oddgeir Jónsson [ingolfur@villingavatn.is](mailto:ingolfur@villingavatn.is)

### Fulltrúar nemenda:

Tómas Kristinn L. Ingólfsson [98-tomas@kerholsskoli.is](mailto:98-tomas@kerholsskoli.is)

Hjalti Guðjónsson [99-hjalti@kerholsskoli.is](mailto:99-hjalti@kerholsskoli.is)

### Fulltrúar starfsmanna:

Alice Petersen [alice@kerholsskoli.is](mailto:alice@kerholsskoli.is)

Margrét Gunnarsdóttir [maggagunn@gmail.com](mailto:maggagunn@gmail.com)

Ragna Björnsdóttir [ragna@kerholsskoli.is](mailto:ragna@kerholsskoli.is)

### Varamaður

Hólmfríður Fjóla Smáradóttir [holmfridur@kerholsskoli.is](mailto:holmfridur@kerholsskoli.is)

## Stjórn nemendafélagsins

Tómas Krisinn L. Ingólfsson	8.b	Formaður	<a href="mailto:98-tomas@kerholsskoli.is">98-tomas@kerholsskoli.is</a>
Hjalti Guðjónsson	7.b	Varaformaður	<a href="mailto:99-hjalti@kerholsskoli.is">99-hjalti@kerholsskoli.is</a>
Bjarki Bragason	8.b	Ritari	<a href="mailto:98-bjarki@kerholsskoli.is">98-bjarki@kerholsskoli.is</a>
Aron Þormar Lárusson	7.b	Gjaldkeri	<a href="mailto:99-aron@kerholsskoli.is">99-aron@kerholsskoli.is</a>
Paulina Martyna Pinkowicz	6.b	Peð	<a href="mailto:00-paulina@kerholsskoli.is">00-paulina@kerholsskoli.is</a>
Guðjón Örn Jóhannesson	6.b	Varamaður	<a href="mailto:00-gudjon@kerholsskoli.is">00-gudjon@kerholsskoli.is</a>
Pálmi Freyr Krístrúnarson	6.b	Varamaður	<a href="mailto:00-palmi@kerholsskoli.is">00-palmi@kerholsskoli.is</a>

## Umsjón með nemendafélaginu

Alice Petersen

## Stjórn foreldrafélagsins

Pétur Thomsen formaður	Upphæðum 3	5544117	<a href="mailto:petur@peturthomsen.is">petur@peturthomsen.is</a>
Birna Guðrún Jónsdóttir	Hæðarenda	4864599	<a href="mailto:birna74@gmail.com">birna74@gmail.com</a>
Hugrún Greta Sigurðard.	Hólsbraut 21	5873832	<a href="mailto:hugrungs@gmail.com">hugrungs@gmail.com</a>
Sigurður Halldórsson	Hömrum	4864450	<a href="mailto:homrum@simnet.is">homrum@simnet.is</a>

Netfang foreldrafélags er : [foreldrafelag.kerholsskoli@gmail.com](mailto:foreldrafelag.kerholsskoli@gmail.com)

## Sjálfsmatsteymi

Anna Margrét Sigurðardóttir	grunnskólakennari
Birna Guðrún Jónsdóttir	leikskólakennari
Bjarki Bragason 8.b	fulltrúi nemenda
Haraldur Már Stefánsson	fulltrúi foreldra
Hilmar Björgvinsson	skólastjóri

## Bekkjarfulltrúar

### Bekkjarfulltrúar í leikskóladeild

Karítas Ottesen Ásmundsdóttir	<a href="mailto:ottesen_4@hotmail.com">ottesen_4@hotmail.com</a>
Ásta Björk Björnsdóttir	<a href="mailto:astabjork@skolasud.is">astabjork@skolasud.is</a>

### Bekkjarfulltrúar í grunnskóladeild

1. bekkur Sigurður Halldórsson	<a href="mailto:homrum@simnet.is">homrum@simnet.is</a>
2. bekkur Helga Haraldsdóttir	<a href="mailto:helga@kerholsskoli.is">helga@kerholsskoli.is</a>
3. bekkur Birna Guðrún Jónsdóttir	<a href="mailto:birna74@gmail.com">birna74@gmail.com</a>
4. bekkur Ragna Björnsdóttir	<a href="mailto:ragna@kerholsskoli.is">ragna@kerholsskoli.is</a>
5. bekkur Ursula Filmer	<a href="mailto:ullaegill@isl.is">ullaegill@isl.is</a>
6. bekkur Krystyna Pinkowicz	<a href="mailto:krystyna@kerholsskoli.is">krystyna@kerholsskoli.is</a>
7. bekkur Guðjón Guðjónsson	<a href="mailto:gudjon@marimo.is">gudjon@marimo.is</a>
8. bekkur Elísabet Waage	<a href="mailto:betawaage@simnet.is">betawaage@simnet.is</a>

## **Skólareglur grunnskóladeildar**

Í Kerhólsskóla er lögð áhersla á að öllum líði vel og sýni vináttu og virðingu. Góður starfsandi og vinnusemi eru mikilsverðir þættir til að skólastarfið gangi vel fyrir sig. Nemendum ber að fara eftir fyrirmælum skólastjóra, kennara og annars starfsfólks skólans og sýna fyllstu kurteisi. Öllum ber að temja sér þrúðmannlega framkomu bæði í leik og starfi, jafnt innan skóla sem utan og ganga snyrtilega um.

- Við erum þrúð í skólanum og sýnum vináttu og virðingu.
- Við mætum stundvíslega í allar kennslustundir og erum vinnusöm.
- Við förum eftir fyrirmælum starfsfólks og sýnum fyllstu kurteisi.
- Við göngum snyrtilega um og förum úr útiskóm og yfirhöfnum í anddyri skólans.
- Í skólanum er lögð áhersla á hollar lífsvenjur. Nemendum er óheimilt að koma með sælgæti og gosdrykki í skólann nema annað sé tekið fram. Notkun tóbaks og vímuefna er stranglega bönnuð.
- Notkun GSM-síma í kennslustundum er óheimil.

### **Með brot á reglum þessum er unnið á eftirfarandi hátt:**

1. Ef nemandi brýtur skólareglur hefur kennari eða annar starfsmaður sem nálægur er, afskipti af honum.
2. Ef brotið er smávægilegt er oft hægt að leysa málið á staðnum en ef ekki, er málinu vísað til umsjónarkennara nemandans.
3. Umsjónarkennari ræðir við nemandann og reynir að leysa málið. Ef málið leysist ekki er haft samband við forráðamenn.
4. Ef ekki tekst að leysa málið á þessu stigi eða ef nemandi brýtur skólareglur síendurtekið, er því vísað til skólastjóra.
5. Skólastjóri ræðir við nemandann og forráðamenn hans.
6. Verði ekki breyting á hegðun nemandans þrátt fyrir ítrekaðar aðgerðir þessara áður nefndu aðila, getur komið til þess að nemandi verði vísað tímabundið úr skóla og þá jafnframt leitað utanaðkomandi ráðgjafar.

### **Kerhólsskóli væntir þess af hverjum nemanda:**

1. Að hann fari eftir reglum skólans og leggi sitt af mörkum til að skapa góðan náms- og félagsanda í skólanum.
2. Að hann komi ávallt vel undirbúinn fyrir kennslustundir og með nauðsynleg áhöld í skólann.

Valdi nemandi skemmdum á skóla eða munum hans, ber honum að bæta tjónið verði þess krafist af skólastjóra.

Ef truflun verður af síma í kennslustundum, er hann gerður upptækur og afhendist hjá skólastjóra í lok dags. Við endurtekin brot verður viðkomandi ekki leyft að koma með símann aftur í skólann.

## **Skólaakstur**

### **Tímatafla - skólaakstur skólaárið 2011-2012**

Neðanskráð tímatafla er brottfarartími skólabíls frá hverjum bæ.

#### **Leið 1 - Grafningur - Fossar**

**Skólabílstjóri; Guðmundur Þorvaldsson s: 894 4566**

Bær	Brottfarartími
Úlfjótsskáli	7:33
Villingavatn	7:40
Brúarás	7:54
Grashóll v/Syðri Brú	7:56
Ásborgir 1	8:00
Ásborgir 34	8:00
Áslundur v/Álftavatn	8:05

#### **Leið 2 – Suðvestur hluti Grímsnes**

**Skólabílstjóri; Pálmar Sigurjónsson s: 892 0124**

Miðengi	8:00
Hæðarendi	8:08
Klausturhólar	8:13

#### **Leið 3 – Hagi - Sel**

**Skólabílstjóri: Björn Pálmarsson s: 869 1855**

Hagi 1	8:00
Sel	8:10

#### **Leið 4 - Sólheimahringurinn**

**Skólabílstjóri: Jón Haukur Bjarnason s: 893 2399 (Afleysingar:Haukur 650-4449)**

Bjarnastaðir	7:50
Akrar	7:54
Upphæðir 5, Sólheimum	8:00
Upphæðir 3, Sólh.	8:00
Birkihlíð, Sólh.	8:00
Hamrar	8:05
Ormsstaðir	8:10
Selholt	8:15
Stærri-Bær	8:15

**Frá Borg og upp í Reykholt kl. 8:20, nemendur í 9. og 10. bekk**

**Skólabílstjóri: Jón Haukur Bjarnason s: 893 2399 (Afleysingar: Haukur 650-4449)**

Heimkeyrsla er samkvæmt eftirfarandi:

Mánudaga kl. 15:30  
Þriðjudaga kl. 15:30  
Miðvikudaga kl. 12:40 og 15:30  
Fimmtudaga kl. 15:30  
Föstudaga kl. 12:45

Nemendur Kerhólsskóla koma víðs vegar að úr sveitarfélaginu. Á Borg er skiptistöð fyrir nemendur í 9. – 10. bekk en þaðan er þeim ekið í Reykholt og til baka.

**Athugið vel reglu 7 og 8 um skyldu foreldra að láta skólabílstjóra vita ef nemendur fara ekki með skólabílnum að morgni eða heim að loknum skóladegi.**

### **Skólabílaeðglur:**

1. Nemendur þjóði góðan dag þegar þeir koma í bíl að morgni.
2. Nemendur gangi þrifalega um bílana og sitji rétt í sætum til að hindra ekki umgang þeirra sem koma inn í bílinn og þeirra sem fara út.
3. Nemendur mega ekki drekka eða borða í skólabílunum.
4. Nemendur sitji kyrrir í sætum og með öryggisbeltin spennt á meðan á akstri stendur.
5. Hávaði, stríðni og slagsmál eiga ekki heima í skólabílum.
6. Nemendur gangi ekki að skólabíl fyrir en bílstjóri hefur stöðvað og lagt bílnum. Þegar komið er að skóla eða heimili eiga þeir að sitja í sætum með beltin spennt þar til bíll hefur stöðvast.
7. Ef nemendur fara ekki með skólabílnum að morgni eða heim úr skóla vegna veikinda eða annarra ástæðna verða foreldrar að láta skólabílstjórana vita.
8. Foreldrar eru beðnir að athuga að ef nemendur leita eftir að fá að fara heim með öðrum nemendum, þarf að hafa samráð við skólabílstjóra og kanna hvort laust sæti er í viðkomandi skólabíl, áður en barni er gefið leyfi.
9. Mikilvægt er að nemendur séu stundvísir og ávallt tilbúnir þegar skólabíllinn kemur í bæjarhlaðið.

### **Skólalókasafn**

Í skólanum er ágætlega útbúið barnalókasafn og einnig er þar gott handlókasafn. Nemendur hafa því góðan aðgang að heimildum, en ef eitthvað vantar upp á, býður Bókasafn Árborgar á Selfossi einnig skólanum afbragðsþjónustu.

Í Kerhólsskóla er áhersla lögð á að lesa fyrir leikskólanemendur og frjálsan lestur fyrir grunnskólanemendur, t.d. í upphafi hvers dags og heima. Fyrir lestrarhesta gæti verið gott að líta við á Selfossi á bókasafninu þar ef þeir eru búnir að lesa allt hjá okkur!

### **Bók er best vina**

## **Skólamötuneyti**

Í Félagsheimilinu Borg er rekið skólamötuneyti fyrir leik- og grunnskólann. Leikskólanemendur matast í leikskólahúsnæðinu kl. 11:30. Matartími grunnskólanemenda er frá kl. 12:20 – 12:50.

Kennarar og starfsfólk skólans borða með nemendum í hádeginu. Þannig skapast meiri ró við borðhaldið og starfsfólkið kynnist nemendum á annan hátt en í kennslustundum eða í hinu daglega starfi.

Mat fá nemendur á kostnaðarverði og greiðist hann mánaðarlega samkvæmt reikningi. Áhersla er lögð á hollan og fjölbreyttan mat.

Nauðsynlegt er að nemendur gangi vel um, sýni góða hegðun og borði vel.

Grunnskólanemendum ber að sitja um kyrrt í að minnsta kosti 10 mínútur við matinn áður en þeir ganga frá og fara út að leika sér.

Á heimasíðu skólans má finna matseðla hvers mánaðar.

## **Mjólk er góð**

## **Skólasel**

Nemendur í 1.-4. bekk eru með styttri skóladaga en eldri nemendur skólans. Á mánudögum og fimmtudögum lýkur kennslu hjá þeim kl. 13:50 en á þriðjudögum kl. 14:30. Þá er boðið upp á Skólasel fyrir þessa nemendur sem er í beinu framhaldi af kennslu og lýkur kl. 15:25. Í Skólaseli fá nemendur að leika sér frjálst, teikna og mála, lesa o.fl. Umsjón með skólaseli hefur stuðningsfulltrúi skólans.

Forráðamenn þurfa að skrá börn sín í Skólasel og geta þau verið einn dag, tvo daga eða þrjú daga í viku.

## **Íþróttamiðstöð**

Við hlið grunnskólans er glæsileg íþróttamiðstöð. Þar er mjög góður íþróttasalur sem hentar skólaíþróttum vel. Í íþróttamiðstöðinni er einnig sundlaug, heitir pottar, rennibraut og gufubað. Aðstaðan er öll til fyrirmyndar og frábært að hafa svona fína kennsluaðstöðu alveg við skólann.

Það er mjög mikilvægt að nemendur gleymi ekki að hafa með sér íþróttaföt, sundföt og handklæði í íþróttatíma. Það er skylda hjá grunnskólanemendum að fara í sturtu að þeim loknum. Ef einhverjar ástæður koma í veg fyrir það hjá nemanda að geta ekki farið í íþróttir eða sturtu einhvern daginn þarf viðkomandi að koma með miða að heiman í skólann varðandi það.

## **Mentor**

Kerhólsskóli notar upplýsingakerfið Mentor.is . Það er heildstætt upplýsingakerfi með vefviðmóti sem eykur upplýsingaflæði innan skólans, til foreldra og sveitarfélaga. Kerfið auðveldar kennurum og skólastjórnendum dagleg störf, s.s. við skráningu í hópa, stundatöflugerð og skráningu á ástundun. Foreldrar fá send sérstök notendanöfn og lykilorð til að komast inn á svæði barna sinna þar sem þeir geta fylgst með ástundun þeirra, nálgast stundatöflur, nafnalista o.fl. Ef foreldrar hafa týnt lykilorði geta þeir haft samband við skólann og fengið sent nýtt.

## **Heimasíða**

Kerhólsskóli er með ágæta heimasíðu og er slóðin; <http://www.kerholsskoli.is> . Þar er að finna allar helstu upplýsingar um skólann, s.s. skólanámskrá, skóladagatal, matseðla, bréf til forráðamanna og ýmis eyðublöð. Einnig eru settar fréttir, myndir, viðburðir og tilkynningar reglulega inn á síðuna. Sérstök krækja er fyrir foreldra þar sem þeir geta komið upplýsingum á framfæri en þar eru einnig upplýsingar um skólaráð, foreldrafélagið og bekkjartengla.

Umsjón með heimasíðunni hafa Birna Guðrún Jónsdóttir og Hilmar Björgvinsson. Hugmyndir og efni sendist á netföngin; [birna@kerholsskoli.is](mailto:birna@kerholsskoli.is) eða [hilmar@kerholsskoli.is](mailto:hilmar@kerholsskoli.is).

## **2. Skólastarfið og áherslur**

Leikskóladeildin opnar alla morgna kl. 8:00 og er opin til kl. 16:00.

Grunnskóladeildin byrjar alla morgna kl. 8:30. Mánudaga, þriðjudag og fimmtudaga er skóli til kl. 15:30. Á miðvikudögum og föstudögum er kennsla til kl. 12:15 og borða nemendur í hádeginu áður en þeir fara heim. Nemendur í 8. bekk eru einnig til 15:30 á miðvikudögum á 1. önn og hluta af 3. önn.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru nemendur í 1. – 4. bekk 30 kennslustundir í skólanum, nemendur 5. – 7. bekk 35 kennslustundir og nemendur í 8. bekk 37 stundir. Kennsla hjá nemendum í 1. – 4. bekk lýkur kl. 13:50 á mánudögum og fimmtudögum og kl. 14:30 á föstudögum. Eftir það er þessum nemendum boðið upp á Skólasel til kl. 15:30.

### ***Teymiskennsla og samkennsla árganga***

Teymiskennsla kennara hefur verið að ryðja sér til rúms síðustu árin. Í skólanum er lögð áhersla á teymiskennslu og er markmið hennar m.a. að gera skólastarfið árangursríkara. Með aukinni samvinnu verður fagleg umræða meiri meðal starfsmanna.

Nemendum í leikskóladeildinni er skipt í 3 aldurshópa. Yngsti hópurinn heitir Guli músahópur, miðhópurinn heitir Rauði kisuhópur og elsti hópurinn heitir Blái hundahópur.

Kennslufyrirkomulagið í grunnskólanum haustið 2011 er á þann veg að nemendur í 1. – 2. bekk eru saman í námshópi og nemendur í 3. – 4. bekk eru saman. Mikil samvinna er á milli þessara bekkja og blandast nemendur mikið saman m.a. í stöðvavinnu og útikennslu.

Nemendur í 5. og 6. bekk eru saman í námshópi en með sitthvorn umsjónarkennarann og 7. og 8. bekkur er saman með sinn umsjónarkennara.

Kennarar grunnskóladeildar eru með samráðstíma í hverri viku þar sem þeir skipuleggja skólastarfið í sínum bekkjarárgöngum og samstarf sín á milli. Starfsmenn leikskóladeildar eru með formlegan samráðsfund einu sinni í mánuði.

### ***Einstaklingsmiðun og námsmat***

Sveitarfélagið markaði þá stefnu við stofnun Kerhólsskóla að hann skyldi starfa í anda einstaklingsmiðunar, umhverfismenntar og leggja áherslu á list- og verkgreinar.

Námsmat skólans byggir á þessum áherslum þar sem lögð er áhersla á einstaklingsmiðaða kennsluhætti þar sem hver og einn nemandi er í fyrirrúmi og áhugi hans og styrkleikar fái

sem best notið sín. Síðustu ár hefur skólinn lagt áherslu á að aðlaga námsmátið að þessum áherslum.

Námsmat skólans er um margt frábrugðið því sem þekkt hefur í árunna rás en markmið okkar sem störfum við skólann er að það endurspegli sem best starfið sem fer fram í skólanum en ekki síður að í því fái heildstæð mynd af eiganda þess, styrkleikum hans og áherslum í náminu. Námsmat hvers skóla er í sífelldri þróun og því eru allar ábendingar frá foreldrum og nemendum vel þegnar. Námsmátið á að styðja við nám barnsins og sýna sem besta mynd af námi þess.

## Leiðsagnarmat

Námsmat skólans er æ meir að færast frá hinu hefðbundna/formlega námsmáti sem lengi hefur þekkt í íslenskum skólum þar sem próf skipa stóran sess og oft er um lokamat að ræða – þ.e. þegar áfanganum er lokið fær nemandi eina einkunn e.t.v. með staðlaðri umsögn en getur lítið nýtt sér þá niðurstöðu til þess að bæta sig í þeim þáttum sem voru til prófs. Í stað prófa og lokamats er áherslan nú óðum að færast yfir á leiðsagnarmat sem byggir á því að nemandi viti til hvers er ætlast af honum, hann þekki markmið sín og viti hvert beri að stefna. Lykilatriði í því að virkja nemandann í námi sínu er að gefa honum stöðuga endurgjöf á námsferlinu, láta hann leggja mat á hvernig honum gengur og veita honum leiðbeinandi námsmat þar sem vinna hans nýtist honum í framhaldinu til þess að bæta árangur sinn. Rannsóknir sýna að með því að auka hlut nemenda í námsmáti, virkja þá í samtölum um námið og veita þeim tíða endurgjöf má auka áhuga þeirra á náminu, auka virkni þeirra og auka þeim ábyrgð á eigin námi. Þannig aukast gæði skólastarfsins. En oft á tíðum er námsmat flókið í skóla sem okkar vegna þess að áherslur nemenda eru misjafnar og forsendur þeirra sömuleiðis. Ekki er sanngjarn að nemendur læri á sínum forsendum en séu metnir út frá hópnum eða með þeim tækjum sem þeim eru ókunnugleg, og því er námsmátið einstaklingsbundið og fjölbreytilegt en þó ætíð í anda þeirra kennsluhátta sem notaðir eru. Með því að beita umsögnum sem tengjast vel útlistuðum námsmarkmiðum, sem nemanda eru ljós í upphafi námsferils, má bregðast við þeim fjölbreytileika sem ríkir í skólanum okkar.

## Einstaklingsmiðaðir kennsluhættir

Einstaklingsmiðun felur í sér að skólinn kemur til móts við barnið á forsendum þess sjálfs en ekki skólans, hóps eða námsefnisins. Nemanda eru sett skýr markmið í svokölluðum **Vörðum** sem er námskrá sem hvert og eitt barn á. Þær eru gerðar að vori og þar eru tilgreind helstu náms- og félagsleg markmið barnsins, sem unnið skal að í framhaldinu. Vörður eru endurskoðaðar svo oft sem þurfa þykir yfir veturinn og skulu vera virkt vinnuþagg nemanda og kennara. Markmiðið er að á næstu misserum taki nemendur skólans virkari þátt í því að móta Vörðurnar sínar í samvinnu við foreldrana og kennara skólans.

Barnið er stutt með leiðsögn og ígrundun þess sjálfs til þess að ná markmiðum sínum. Námsleg markmið eru hin akademísku markmið—kröfur sem námsgreinin gerir um það

hvað skuli kennt og numið

Í einstaklingsmiðuðum kennsluháttum vinna nemendur með áform og áætlanir, þjálfast í að setja sér markmið og læra að skipuleggja tíma sinn á sem bestan hátt. Mikill tími fer í að kenna þetta og þjálfar og því skipa þessir þættir veglegan sess í námsmati okkar og koma m.a. fram á sérstöku námsmatsblaði sem heitir Félagsleg markmið. Þau snúa eins og fyrr segir, meira að þeim þáttum sem varða hegðun og atferli því ábyrgð nemenda er mikil í einstaklingsmiðun og hana þarf að kenna og meta jafnt og annað. Félagslegu markmiðin eru metin á hverri önn og eru byggð á Vörðu nemandans og markmiðum sem koma t.d. fram í samræðum nemenda og kennara, símati og eða formlegu námsmati.

Sérstakur matskvarði liggur að baki því mati og fylgir hann með í námsmatsmöppunni og útskýrir hvaða hegðun liggur að baki hvers þáttar.

Til þess að nálgast nemandann þar sem hann er staddur er **námsmat** mjög mikilvægt. Í Kerhólsskóla notum við námsmat til þess að kynna nemandanum og kanna stöðu hans. Þegar hún er ljós er hægt að setja markmiðin og áætla leiðir að þeim.

Kennari notar símat iðulega til þess að meta stöðu nemandans jafnt og þétt, svo hann megi mæta þörfum hans sem best. Viðfangsefni nemandans byggjast á því námsmati sem fer fram en það getur verið með ýmsu móti s.s. formlegt (dæmi um slíkt eru próf og kannanir) eða falist í samtölum við nemanda, sjálfsmat eða mati á vinnuferli og vinnuframlagi.

Í skóla sem kennir sig við einstaklingsmiðun eru leiðir nemenda misjafnar og forsendur þeirra sömuleiðis. Námsmatið skal ætíð endurspeglar það hvað er kennt og hvernig það er kennt. Því er námsmatið einstaklingsbundið og fjölbreytilegt. Sjálfsmat er mikilvægur hluti námsmatsins því með því að nemendur læri að meta vinnu sína, gæði hennar og framlag sitt. Þannig gera þeir sér betur grein fyrir því að þeir eru í raun drifkrafturinn í þeirra eigin námi.

Einkunnir vega minna en áður en umsagnir eru áberandi auk þess sem leiðsagnarmat fær meira vægi, en í því geta nemendur verið virkir þátttakendur, metið sjálfir vinnu sína en fá einnig leiðbeinandi umsagnir sem styðja þá í náminu og nýtast þeim á ferð þeirra eftir menntaveginum sem öflugt veganesti.

Þar sem kennslan og námsmatið er einstaklingsmiðað er samanburður á milli nemenda ómögulegur en stöðluð próf Námsmatsstofnunar skila okkur upplýsingum um stöðu nemandans í samanburði við jafnaldra.

Nemendur fá námsmatsmöppurnar heim a.m.k. tveimur dögum áður en samtal nemenda, foreldra og kennara fer fram svo hægt sé að kynna sér námsmatið **gaumgæfilega**.

Vörðurnar sem eru unnar að vorin fara heim að hausti til kynningar og umræðna heima fyrir. Möppurnar eru teknar með í samtalið í skólanum.

***Mikilvægt er að kynna sér námsmatið vel.***

Á annaskilum 2 og 3, fá nemendur heim með sér matsblað þar sem þeir leggja mat á

ýmsa þætti skólastarfsins og fá þar tækifæri til þess að koma athugasemdum sínum á framfæri en ekki hvað síst skapast með þessu mati kærkomið tækifæri foreldra og barns að ræða um starf barnsins í skólanum og hafa áhrif á skólagönguna. Þessi matsblöð eru í þróun, eins og námsmatið allt. Veturinn 2008—2009 fékk starfslið skólans styrk til þessa þróunarverkefnis sem fékk nafnið; *Námsmat í Einstaklingsmiðuðum kennsluháttum*. Gefin var út skýrsla um verkefnið sem Ingveldur Eiríksdóttir tók saman ásamt fleira efni tengdu námsmati. Þróun námsmatsins heldur áfram og er í raun ferð án upphafs eða endis.

Námsárinu í Kerhólsskóla er skipt í þrjár annir og hver önn á sér sínar áherslur í námsmatinu.

**Haustönn:** Nemendur fá sendar Vörðurnar sínar heim að hausti og kynna sér þær með forráðamönnum sínum. Á haustsamtalsdögum hittast foreldrar, nemandi og kennari og fara yfir athugasemdir sem gerðar hafa verið, kynna sér sýn hvers um sig og móta næstu skref. Nokkur undirbúningur er nauðsynlegur heima fyrir, fyrir þessa daga og gefa þarf sér góðan tíma vegna samtalsins. Á annaskilum að hausti er það námsmat sem unnið hefur verið sent heim til kynningar og umsjónarkennarar funda með nemendum sínum, einstaklingslega.

**Miðönn:** Á þessari önn er lögð áhersla á formlegt námsmat hvort sem það er gert með sérstökum prófum eða könnunum eða á annan hátt sem kennari telur best henta. Nemendur meta hvernig hefur gengið að vinna eftir þeim atriðum sem mótuð voru í Vörðum.

**Vorönn:** Námsmat þessarar annar er samantekt á vetrinum bæði af hálfu kennara en ekki síður nemenda. Nemendur fá vormatsblað með sér heim og meta hvernig þeir telja að markmið þau sem sett voru í t.d. Vörðum og á matsblaði frá því í haust hafi náðst.

## **Lestrarstefna**

Hópur starfsmanna vann að því að móta lestrarstefnu skólans veturinn 2009-2010. Það var þarft mál því lestrarfærni er mikilvægur þáttur þegar kemur að því hvernig nemandi tekst að nýta sér námið sem fram fer í skólanum. Lestur er einnig vítt hugtak og margt sem fellur þar undir af námskrá hvers skóla. Aðalmarkmið lestrarstefnunnar sem nú eru höfð að leiðarljósi eru: skýr markmið í kennslunni, gott aðhald fyrir alla sem að kennslunni koma og að hún lýsi æskilegri lestrarfærni nemandans í gegnum alla skólagönguna.

Seint verður það ofsagt að lestrarþjálfun og góð lestrargeta eru mikilvæg í námi barna og ungmenna. Við í Kerhólsskóla teljum því mikilvægt að setja þá þjálfun í markvissan farveg til að styðja kennara skólans, nemendur og foreldra í því starfi. Þjálfunin á að vera sameiginlegt verkefni skóla og heimilis og áherslur í takt við stöðu nemandans hverju sinni.

Heimalestur á að eiga sér stað fyrir fullorðinn aðila og farið er fram á að **lesið sé í 10 - 15 mínútur í hvert sinn**. Kvittunarhefti munu fylgja lestrarbókunum þar sem foreldrum eða fullorðnum aðila er gert að kvitta fyrir heimalesturinn. Þeir nemendur og foreldrar sem standa sig vel fá sýnilega umbun í kvittunarheftið.

Viðmið fyrir ástundun eru skráð fyrir hvern mánuð og gefin einkunn sem birt er í námsmati. Tekið verður tillit til þeirra mánuða sem eru styttri í skólasókn eins og desember og páskamánuðurinn. Þá munu kennarar einnig kvitta fyrir í sömu hefti í hvert sinn sem nemandi les fyrir hann. Heftið skal því fylgja nemandanum bæði heim og í skóla.

Lestrarstefnu skólans í heild sinni er hægt að nálgast á heimasíðu skólans.

## ***Náttúrufræði og umhverfismennt***

Börn og ungmenni eru alla jafna mjög forvitin og áhugasöm um hluti og fyrirbæri í umhverfinu. Það er því sjaldnast betra tækifæri en einmitt þá til þess að virkja áhuga þeirra, auka virðingu og ábyrgðartilfinningu til umhverfisins og samfélagsins sem þau lifa og hrærast í. Þetta tækifæri viljum við nýta sem best í Kerhólsskóla. Við erum vel í sveit sett því skólinn er staðsettur í fallegu umhverfi, örstutt frá mörgum helstu náttúruperlum landsins, samfélagið er fjölbreytt og atvinnuhættir af ólíkum toga.

Útinám og vettvangsferðir, þar sem náttúran og umhverfið allt er notað sem námsvettvangur, auðgar og styrkir allt nám, auk þess að vera hollt fyrir líkama og sál. Þetta er líka vettvangur sem hentar mörgum betur en skólastofan og er því ákaflega mikilvægt að nýta sér hann til þess að styrkja þá sem þar eru á heimavelli. Auðvelt er í þessari kennslu að samþætta margar námsgreinar og er útinám því alls ekki einvörðungu bundið við náttúrufræði og umhverfismennt.

Í Kerhólsskóla höfum við þegar hafið ákveðna vinnu sem tengist umhverfisvernd og endurvinnslu. Við flokkum pappír, rafhlöður, lífrænt sorp, fernur og plast, í hart plast og mjúkt plast.

Það er von okkar, að með aukinni áherslu á náttúrufræði og umhverfismennt vaxi úr grasi ungt fólk sem nýtur þess að stunda útivist og upplifa náttúruna um leið og það getur fjallað um og tekið gagnrýna afstöðu til umhverfismála, sjálfbærrar þróunar, nýtingar náttúruauðlinda og umhverfisverndar.

## ***Útiskóli***

Veturinn 2009-2010 unnu starfsmenn að stefnumótun skólans fyrir útinám og settu saman í rit sem ber nafnið Útiskóli. Rit þetta má nálgast á heimasíðu skólans. Þar er fjallað meðal annars um skólalóðina, útinámsvæðið okkar við skólann, fyrirhugaðan skólaskóg, skipulag vettvangsferða o.fl.

Við skólann er dásamlegur trjálundur sem sveitarstjórn gaf skólanum leyfi til að nýta til útináms og að búa til vinnuáðstöðu og námsumhverfi sem gefur tækifæri til fjölbreyttra náms- og kennsluhátta.

Samþykkt sveitarstjórn frá 8. október 2009 er svohljóðandi:

*Sveitarstjórn samþykkir þá hugmynd að komið verði upp útikennslusvæði við Grunnskólann Ljósuborg. Gert er ráð fyrir að það rúmist innan fjárhagsáætlunar skólans. Þá verði athugað með möguleika á að koma upp svæði fyrir skólaskóg og matjurtargarð við frekari deiliskipulagsvinnu á Borg.*

Nú þegar hafa nemendur og starfsmenn hafið vinnu við útinámssvæðið. Unnið hefur verið við stígagerð, sett kurl í þá, smíðað skýli og sett upp borð og bekkir. Efni í skýlið og bekkina var fengið á Snæfoksstöðum í samstarfi við Skógræktarfélag Árnesinga.

Skólalóðin sem stendur í hraunjaðri Borgarhóls er sannkallað kjörlendi til náms úti undir beru lofti. Þar má rekja hraunjaðar frá löngu útdauðri eldstöð hringinn í kring um byggðina á sjálfum hólum. Þar er að finna skógarlund (Skógræktarfélagsins) með algengum trjátegundum, mosa, hraungrýti og fjölmörgum jurtum úr Flóru Íslands að ógleymdri rjúpunni sem spígsporar í næsta nágrenni skólans og smáfuglanna á vorin. Auk þeirra tækifæra sem náttúrulegt umhverfi skólans býður upp á með brekkum, lundum og rjóðrum, eru við skólann, fót- og körfuboltavellir, klifurgrindur og önnur algeng leiktæki. Stéttirnar sem eru við inngang og á baklóð skólans eru kjörnar til ýmiss konar mælinga, leikja og uppsetninga lítilla leiksýninga svo eitthvað sé nefnt. Við eldstæðið sem staðsett er í námunda við skýlið skapast tækifæri til náms í heimilisfræði, ásamt verk- og listgreinum, en skýlið nýtist bæði sem geymsla, skjól og námsstofa.

## **Vettvangsferðir**

Í starfsáætlun okkar um Útiskólann er fjallað sérstaklega um markmið skólans varðandi vettvangsferðir. Þar eru tilgreindar mismunandi tegundir vettvangsferða og hvernig heildarskipulag þeirra er hugsað.

Útiskólinn byggir á námi í skóla, í vettvangsferðinni sjálfri og í skólanum, að henni lokinni. Námsmat fer fram jafnt og þétt og getur verið með ýmsu móti, tilgreint í námskrá hvers árgangs. Sjálfsagt er að safna gögnum sem markvissast til þess að góður verkefnabanki myndist svo vinna megi skipulega og markvisst að því að gera útiskólann að virkum hluta af skólastarfi Kerhólsskóla.

## **Mismunandi tegundir vettvangsferða**

Kerhólsskóli býr að því að vera afskaplega vel í sveit settur. Í næsta nágrenni hans eru nokkrar helstu náttúruperlur Íslands auk fjölmargra sögustaða. Atvinnulíf er af ýmsum

toga og sömuleiðis orkuframleiðsla. Það er því hægur vandi að bregða sér af bæ eina dagstund eða svo og vitja liðins tíma eða komast í nánd við náttúruna og atvinnuhætti. Eitt af markmiðum Kerhólsskóla er að nemendur skólans læri í náttúrunni um náttúruna, kynnist sögunni á söguslóðum og samfélaginu sem virkir þátttakendur. Þannig læra þeir að meta þá auðlegð sem býr í samfélaginu og umhverfinu um leið og þeir tengjast því sterkari böndum. Flokka má ferðirnar í fjóra flokka;

1. Ferðir innan skólalóðar eða á staði sem eru í hjóla eða göngufæri frá grunnskólanum
2. Stuttar ferðir þar sem akstur er þó nauðsynlegur, dagspartur.
3. Dagsferðir
4. Lengri ferðir þar sem dvalið er yfir nótt.

Mikilvægt er að líta heildstætt á vettvangsferðaáætlun hvers árgangs þannig að heild myndist og allir nemendur fari áreiðanlega í þær ferðir sem þeim eru ætlaðar á þeim tíma sem það best hentar samkvæmt námskrá.

Á myndinni hér á næstu blaðsíðu er tekið dæmi af nemanda sem fæddur er 2003 og hvernig má hugsa sér að ferðir raðist niður á hann. Þessi nemandi fer þá í þrjár lengri ferðir á fyrstu 4 árunum og eina fjallgöngu auk þess sem hann kynnir sér byggingar í nærumhverfi skólans. Þær ferðir yrðu ferð tengd sjó, Þingvellir og Reykjavíkurfærð.

Á þeim 8 árum sem hann er í Kerhólsskóla fer hann í 3 fjallgöngur, þá á Mosfell með öllum skólanum, í annað sinn fer hann á Hestfjall og þegar hann er kominn upp í elsta stigið fer hann á Ingólfsfjall – en einnig mætti hugsa sér Búrfellsgöngu en hún er mun lengri ganga.

Auk þess að ganga á Hestfjall í 5. – 6. bekk fer nemandi í langa ferð í Borgarfjörðinn auk þess sem hann fer í langa útilegu til Þingvalla í seinna skiptið e.t.v. í 8. bekk. Dagsferð í Þjórsárdal yrði þá í 7. bekk. Í 7. – 8. bekk myndi hann ganga á Ingólfsfjall, fara að Skógum og í eina Reykjavíkurfærð sem yrði þá hin seinni þau ár sem hann er hér í skólanum – og væri hægt að sameina ferð yngri nemenda í höfuðstaðinn. Auk þessa er ferð í virkjanir við Sog og Nesjavelli sem vegna staðsetningar okkar er ekki eins kostnaðarsöm og margar aðrar ferðir.

Síðan myndi þetta ganga koll af kolli þannig að hringekjan skilar því að allir nemendur fari í þessar ferðir sem einkum er skipt eftir eldra stigi og yngra stigi.

Þetta eru að sjálfsögðu bara hugmyndir og e.t.v. eru aðrar ferðir sem henta betur og nálgast markmið aðalnámskrár betur. Tiltölulega auðvelt er þá að breyta því.

Þær ferðir sem eru tilgreindar á myndinni eru fastar ferðir sem raða þarf niður á ár svo samfella myndist og allir fari í allar ferðir.



## Vettvangsferðir leikskóladeildar skólaárið 2011-2012

### Skógarferðir

Í kjölfar náms- og kynnisferðar til Noregs í haust var ákveðið að hafa fastar ferðir í lítinn trjálund í göngufæri frá leikskóladeildinni. Farið er af stað að loknum morgunverði (um hálf tíu leytið) og gengið út í skóg. Þar er byrjað á því að mynda hring um eldstæði í litlu rjóðri og sungið “skógarlagið” okkar “Út um mó, inn í skóg”, í desember er sungið “Í skóginum stóð kofi einn”. Að því loknu er frjálst tími og nemendur leika sér um allan trjálundinn. Ýmislegt er bardúsað t.d. að fela sig, leita að tröllum og rennt sér á rassinum í náttúrulegu rennibrautinni sem nemendur uppgötvuðu sjálfir. Oft er eitthvað gott að narta í, epli, kex og eitthvað að drekka.

### Lambaferð

Árleg lambaferð er farin í maí í Miðengi. Þar hafa nemendur fengið að skoða lömbin og halda á þeim. Stundum hafa þeir fengið að fara á hestbak.

### Ferð í dýragarðinn í Slakka

Árlega er farið í dýragarðinn í Slakka. Þar eru dýrin skoðuð og nemendur leika lausum hala um svæðið.

## Vettvangsferðir grunnskóladeildar skólaárið 2011-2012

Eftirfarandi vettvangsferðir hafa verið farnar og eru fyrirhugaðar á þessu skólaári:

### Útiskóli á Þingvöllum

Við upphaf þessa skólaárs, 25. og 26. ágúst 2011, var hrint í framkvæmd einni af stærri vettvangsferðunum sem fjallað er um í Útiskólaáætluninni okkar, Þingvallaferð að hausti.

Allir nemendur grunnskóladeildar og starfsfólk hennar, ásamt fjölda foreldra, fór að Þingvöllum og dvaldi þar í tvo daga við nám og leik.

Í bekkjarnámskrám nemenda er að finna nánari útfærslu á tengingu námsgreina, kennsluhátta og viðfangsefna við ferðina.

### Réttarferð

Sú hefð hefur skapast að á hverju hausti fer grunnskóladeildin í Klausturhólaréttir.

### Kynnisferð á golfvöll

Liður í útivistarvali í 7. og 8. bekk.

### Skógarferð að Snæfoksstöðum

Í tilefni af Ári skógarins var ákveðið á starfsdögum að hausti að vinna markvisst að kynningu og námi tengdu skógi.

Allir nemendur grunnskólans fóru í skógarferð að Snæfoksstöðum þar sem Skógræktarfélag Árnesinga hefur aðsetur.

Farið var í skógargöngu þar sem umhverfi og náttúra skógarins var skoðuð, undir leiðsögn starfsmanns Skógræktarfélagins.

Einnig var skoðuð aðstaða til timburvinnslu og unnið efni fyrir skólann sem nýta á til framkvæmda á útisvæði skólans.

### Kynnisferð til Hjálparveitarinnar Tintron

Liður í útivistarvali í 7. og 8. bekk.

### Heimsókn að Sólheimum

Í tengslum við samstarf Kerhólsskóla og Sesseljuhúss um sjálfbærni og umhverfismennt fara nemendur úr grunnskóladeild á árlega sýningu í Sesseljuhúsi.

Þar er afrakstur af vinnu 8.bekkinga á haustönn kynntur, en þemað í ár var skógar.

### Jólatrésferð að Snæfoksstöðum

Sú hefð hefur skapast að yngstu nemendur grunnskóladeildarinnar og elstu nemendur leikskóladeildarinnar hafa í desember sótt jólatré fyrir Litlu-jólin að Snæfoksstöðum.

### Fræðsluferð að sorpflokkunarstöð við Seyðishóla

Nemendur í 1.-4. bekk fara og kynna sér hvað verður um sorpið sem þau eru að flokka í skólanum.

### **Fræðsluferð í fiskeldisstöðina að Hallkellshólum**

Nemendur í 5.-6. bekk fara og kynna sér starfsemi fiskeldisstöðvar á Hallkellshólum.

### **Vorferðalag í Þjórsárdalinn**

Fyrirhuguð er dagsferð í Þjórsárdalinn með alla nemendur grunnskóladeildarinnar. Sú ferð býður upp á heimsókn í Þjóðveldisbæinn og Búrfellsvirkjun, auk þess sem hægt er að skoða Stöng og ganga inn eftir náttúruperlunni Gjánni.

### **Vorhátíð í Prastarskógi**

Sú hefð hefur skapast að á hverju vori fer grunnskóladeildin í Prastarskóg þar sem dvalið er dagpart við útivist og leiki.

## **List- og verkgreinar**

Allir eru sammála um gildi list- og verkgreina fyrir skólastarf. Talsverð áhersla hefur verið lögð á þessar greinar undanfarin ár í skólanum.

Skólinn er fyrir alla og þess vegna skiptir máli að koma til móts við áhuga hvers og eins. Það er nefnilega svo, að það eru ekki allir sem finna sig í bóklegu námi en blómstra í því verklega. Skólanum ber að koma til móts við þarfir þessara nemenda því list- og verkgreinar skipta miklu máli fyrir þroska og framtíð einstaklingsins. Bóklegar og verklegar greinar styðja hverjar aðra og er samþætting námsgreina ein leið til árangurs.

Nokkrum sinnum hafa verið fengnir utanaðkomandi aðilar til að vinna að ákveðnum listrænum verkefnum með nemendum og starfsfólki skólans. Má þar nefna, að skólaárin 2005-2007 hjálpaði Ólafur Jens Sigurðsson leikstjóri nemendum í leiklist og sett upp leikverk með þeim. Veturinn 2006-2007 var Stefán Þorleifsson tónmenntakennari fenginn til að vinna með nemendum í tónlist og var sett upp tónlistardagskrá með þeim og veturinn 2007-2008 kom Ingibjörg Erlingsdóttir tónmenntakennari og aðstoðaði okkar að setja upp Skilaboðaskjóðuna á eftirminnilegan hátt. Undanfarin tvö ár hafa umsjónarkennarar aðstoðað nemendur við að setja upp leikverk sín á árshátíð skólans. Myndmennt, textílmennnt, heimilisfræði, hönnun og smíði, íþróttir, sund og dans eru allt greinar sem falla undir list- og verkgreinar.

## **Árshátíð grunnskóladeildar**

Árshátíðin er árviss viðburður sem er haldin síðasta miðvikudag fyrir páskaleyfi. Fyrir árshátíðina fer mikill tími í ýmsan undirbúning, s.s. leik-, söng- og eða dansæfingar og ekki síst leikmunagerð. Með árshátíðinni er verið að samþætta hinar ýmsu list- og verkgreinar, íslensku og lífsleikni. Árshátíðin er gjarnan sá þáttur skólastarfsins sem stendur upp úr í huga nemenda, foreldra og starfsmanna ár hvert.

## **Þróunarverkefni**

### **Námsmat í einstaklingsmiðuðum kennsluháttum**

Vorið 2009 luku kennarar grunnskólans skýrslu um námsmatsvinnu undanfarinna ára þar sem m.a. komu fram sjónarmið nemenda, foreldra og kennara til hins breytta forms sem námsmatið hefur tekið á sig með námsmatsmöppunum okkar. Starfsmenn fengu styrk frá Verkefna- og námsstyrkjasjóði Kennarasambands Íslands til verkefnisins. Lokaskýrsla verkefnisins má finna á heimasíðu skólans.

Ingveldur Eiríksdóttir hafði umsjón með þessu verkefni og leiddi það með mikilli festu.

### **Fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir**

Skólaárið 2009-2010 var námskeið og þróunarverkefni í gangi sem hét; *Fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir*.

Þróunarverkefnið tengdist stefnumótun skólans og námskrá. Allir kennarar skólans tóku þátt í verkefninu ásamt stuðningsfulltrúa sem jafnframt er umsjónarmaður bókasafnsins.

Verkefnið var unnið undir umsjón Ingvars Sigurgeirssonar prófessors við Menntavísindasvið HÍ. Skólinn fékk styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til verkefnisins. Styrkurinn stóð straum af kostnaði við aðkeypta vinnu, bækur, skólaheimsóknir o.fl.

Þróunarverkefni ársins var tvískipt, annars vegar var unnin lestrarstefnu skólans og hins vegar um útiskólann.

### **Til móts við náttúruna**

Skólaárið 2010-2011 hófst vinna við þróunarverkefnið; „Til móts við náttúruna” sem lýkur formlega vorið 2012. Markmið verkefnisins er að auka fjölbreytni í námi og kennsluháttum með áherslu á náttúrufræði, umhverfismennt, list- og verkgreinar.

Unnið er að eftirfarandi þáttum:

1. Að nýta náttúruna til útikennslu og listsköpunar
2. Að efla tengsl skólans við nærsamfélagið á sviði umhverfismenntunar.
3. Vinna að því að fá Grænfánann

Ingvar Sigurgeirsson prófessor við Háskóla Íslands er ráðgjafi við verkefnið en verkefnisstjóri er Ragna Björnsdóttir . Hún er með verkefnisumsjón í náttúrufræði og umhverfismennt í skólanum.

Skólinn fékk styrk úr Sprotasjóði, Mennta- og menningamálaráðuneytisins til verkefnisins en sjóðurinn styður við þróun og nýjungar í skólastarfi.

Ein afurð þróunarverkefnisins verður rit um útikennslu, útikennslusvæði og grenndarskóg Kerhólsskóla. Vinnan frá útiskólaverkefninu mun nýtast í þróunarverkefni þessu.

Markmiðið er að vorið 2012 uppfylli Kerhólsskóli eftirfarandi þætti:

- Umhverfisnefnd starfi við skólann.
- Skipulag vettvangsferða skólans í tengslum við skólanámskrá liggja fyrir.
- Nemendur fái markvissa fræðslu um umhverfismál á hverju ári sem kemur fram í skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá .
- Að nemendur og starfsmenn flokki allt rusl og endurnýting verði hafin.
- Umhverfisstefna skólans verði tilbúin, sem lýsi heildarstefnu skólans í umhverfismálum og umhverfismennt. Þar komi jafnframt fram framtíðarsýn skólans í umhverfismálum.
- Skólinn verði kominn með land til ráðstöfunar fyrir trjárækt.
- Þrír umhverfis dagar á ári í skólanum; Dagur trjáræktar á vorin, dagur umhverfisins 25. apríl og dagur umhverfislífsköpunar á haustin.
- Aðilar grenndarsamfélagsins verði þátttakendur í einum umhverfisdegi skólans á ári.
- Útikennsla verði eðlilegur þáttur í skólastarfinu og verði komin inn í stundatöflur nemenda.
- Handbók um útikennslu verði tilbúin.
- Útilistaverk verði afhjúpað.
- Grænfánanum verði flaggað.

## **ART**

Kerhólsskóli hefur tekið þátt í þróunarverkefni sem heitir **ART**. ART er skammstöfun fyrir Aggression Replacement Training. ART er vel afmörkuð og árangursrík aðferð til að fyrirbyggja og draga úr erfiðri hegðun hjá börnum og ungu fólki.

**ART** þjálfun byggir á þremur grunnflokkum:

- Félagssfærni
- Sjálfstjórnun
- Siðferðisvitund

Þjálfunin miðar að skilvirkri yfirfærslu á aðstæðum daglegs lífs og byggir m.a. á því að læra gegnum hlutverkaleiki.

Skólinn er með þeim fyrstu á Suðurlandi sem tók þátt þessu verkefni. Það er Skólaskrifstofa Suðurlands sem hefur staðið fyrir ART námskeiðum fyrir grunnskólakennara.

Fjórir kennarar skólans hafa farið í gegnum sérstakt kennaranámskeið sem veitir þeim heimild til að vera með ART námskeið.

## ***Samstarf leik- og grunnskóladeildar***

Eftir að leikskólinn Kátaborg og Grunnskólinn Ljósaborg voru sameinaðir í einn skóla, Kerhólsskóla urðu skilin á milli leik- og grunnskóla ekki eins áberandi.

Í vetur eru engin 5 ára börn í leikskóladeildinni en þau hafa komið undanfarin ár í grunnskóladeildina einu sinni í viku og eru þá með nemendum 1. bekkjar.

Reynsla okkar undanfarin ár er sú, að 5 ára börnin koma undirbúin, óhrædd og full tilhlökkunar í 1. bekk eftir að hafa fengið þessa aðlögun heilan vetur. Þau þekkja bæði nemendur, starfsmenn og skólaumhverfið sem er mikill kostur.

Fimm ára nemendur vinna með 1. bekk að ýmsum verkefnum sem stuðla að því að auka skólafærni þeirra og búa þau undir nám á grunnskólastigi. Til að mynda er unnið með ýmsar foræfingar sem þjálfar börn í að fylgja fyrirmælum. Í markvissri málörvun er verið að þjálfar hlustun, rím og tilfinningu fyrir tungumálinu.

Ritmál og tölur eru höfð sýnileg um leið og unnið er með barnið sjálft í umhverfi sínu. Auk vinnunnar í kennslustofunni er farið í heimsókn á bókasafnið og húsnæði skólans kynnt leikskólanemendum.

### **Helstu markmið**

- stuðla að markvissu samstarfi leik- og grunnskólans
- skapa samfellu milli skólastiga
- auðvelda leikskólabörnum skólabyrjun í grunnskólanum
- koma til móts við mismunandi þroska barna

### **Námsgögn**

Ýmsar foræfingar. Markviss málörvun. Atburðablöð og ýmis heimagerð verkefni.

## ***Samstarf við Sesseljuhús***

Skólinn hefur verið í mjög góðu samstarfi við Sesseljuhús sem er umhverfissetur á Sólheimum Grímsnesi. Það samstarf hefur varað allt frá árinu 2006. Nemendur hafa sett

upp sýningar þar og til að mynda var sett upp stór sýning haustið 2007 sem hét; Náttúran og orkan. Allir nemendur grunnskóladeildar tóku þátt í henni. Haustið 2008 var stigið nýtt skref í samstarfinu en þá byrjuðu nemendur í 8. bekk að fara á Sólheima í sérstakan námsáfangna sem ber yfirheitið; Sjálfbær þróun í sjálfbæru samfélagi. Námið stendur yfir á 1. önn og hluta af 3. önn. Nemendur kynnst samfélaginu á Sólheimum og heimsækja hin ýmsu verkstæði og vinnustofur. Þeir eru síðan með kynningu og sýningu í nóvemberlok í Sesseljuhúsi á því sem gert hefur verið á haustönninni. Megin þema námskeiðisins á 1. önn hefur verið skógar en í ár er ár skóga hjá Sameinuðu þjóðunum.

Samstarf þetta er liður í því að rækta samband við grenndarsamfélagið.

## ***Tónlistarskóli Árnesinga***

Tónlistarskóli Árnesinga starfar í Kerhólsskóla. Skólastjóri hans er Robert Darling og Hjörtur Hjartarson tónlistarkennari sér um kennsluna. Kennslan fer fram í kennslurými í Félagsheimilinu Borg á hefðbundnum skólatíma á mánudögum og fimmtudögum.

## ***Hljóðfærakennsla***

Skráning í hljóðfærakennslu fer fram í gegnum Tónlistarskóla Árnesinga. Foreldrar þurfa að greiða fyrir þessa þjónustu en hún er niðurgreidd af sveitarfélaginu í gegnum framlög til Tónlistarskólans. Hægt er að velja um annars vegar hálf nám sem er 30 mínútur á viku og hins vegar heilt nám sem er tvisvar sinnum 30 mínútur á viku. Takmarkaður fjöldi kemst að í þetta nám. Skólaárið 2011-2012 eru 9 nemendur að læra á hljóðfæri. Auk þessa fá allir nemendur 2. bekkjar hljóðfærakennslu einu sinni í viku í 30 mínútur í senn þar sem áherslan er fyrst og fremst á blokkflautu. Þess má geta að tónlistarskólanemendur hafa verið mjög duglegir að spila við ýmis tilefni í skólanum.

## ***Félagsstarf nemenda***

Félags- og tómstundastarf er mikilvægt fyrir börn og unglinga. Nemendur í Kerhólsskóla fá svokölluð bekkjarkvöld tvisvar sinnum á vetri sem umsjónarkennarar sjá um. Auk þessa geta Nemendafélag Kerhólsskóla, NFK, bekkjarfulltrúar eða foreldrafélagið skipulagt viðburði fyrir einstaka árganga, bekkjardeildir eða alla nemendur skólans. Fyrir páska ár hvert er árshátíð skólans haldin þar sem nemendur setja upp leikrit, flytja söngatriði eða sýna dans svo dæmi séu tekin.

## Nemendafélag

Samkvæmt nýjum grunnskólalögum skal starfa nemendafélag við hvern grunnskóla. Nemendafélagið vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda.

Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur/lög, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

## Lög Nemendafélags Kerhólsskóla

### 1. Almenn atriði.

Nafn félagsins er Nemendafélag Kerhólsskóla, skammtstafað NFK.

Markmið félagsins eru að;

– sjá um og skipuleggja félagslíf nemenda í Kerhólsskóla.

– gæta hagsmuna nemenda skólans með því m.a. með því að koma á framfæri óskum og tillögum nemenda til skólastjóra, kennara eða aðra þá sem málið varðar.

Aðsetur félagsins er í Kerhólsskóla, Grímsnes og Grafningshreppi.

Lög þessi skulu endurskoðuð árlega af umsjónarmanni félagslífs og stjórn NFK og staðfest af skólastjóra.

### 2. Stjórn NFK

Í stjórn eiga sæti 2 fulltrúar úr 8. bekk, 2 úr 7. bekk og 1 úr 6. bekk.

Aðalstjórn skiptir með sér verkum, öðrum en þeim sem kosin eru beinni kosningu, á fyrsta fundi nýrrar stjórnar. Formaður er sá sem hlýtur flest atkvæði í kosningu til stjórnar og varaformaður er sá sem hlýtur næstflest atkvæði. Kynjahlutfall skal vera sem jafnast (3 og 2 af hvoru kyni) og til að tryggja það eru þau tvö sem hljóta flest atkvæði af hvoru kyni valin til setu, nema í 6. bekk þar ræður atkvæðafjöldi.

Stjórn hefur ákvörðunar- og framkvæmdavald í öllum almennum málum NFK. Stjórn ber ábyrgð á öllum fjármálum NFK og skulu reikningar félagsins lagðir fram til endurskoðunar í lok skólaárs, í síðasta lagi 1. júlí ár hvert.

Skólastjóri eða fulltrúi hans endurskoða reikninga NFK.

Aðalstjórn NFK er bundin af lögum og reglum sem gilda um skólastarf og skólanámskrá skólans og formlegum samþykktum nemendafunda. Nemendafundir eru boðaðir 1 – 2 sinnum á vetri.

Kerhólsskóli ræður umsjónamann félagslífs, stjórn NFK til aðstoðar og ráðgjafar.

Formaður NFK eða staðgengill hans á rétt á setu á almennum kennarafundum. Hann skal þó víkja af fundi sé rætt um einstaka nemendur eða önnur trúnaðarmál.

### 3. Starfsemi.

Stjórn NFK fundar a.m.k. 2 sinnum í mánuði.

Formaður stjórnar fundi en getur valið staðgengil sinn ef svo ber undir.

Stjórn skal boða til almennra nemendafunda á skólaárinu til að auka almenna þátttöku nemenda í félagsstarfinu. Þetta skal gert fyrir einstaka aldurshópa eða allan skólann a.m.k. einu sinni í mánuði. Nemendafundir þessir geta verið í formi bekkjarfunda, almennra málfunda, kvöldvaka eða annarra skemmtana, jafnvel á skólatíma.

Á nemendafundum gilda almenn fundarsköp eftir því sem við verður komið. Komi til atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða. Á nemendafundum hafa nemendur Kerhólsskóla einir atkvæðisrétt og hefur hver nemandi eitt atkvæði. Nemendafundur skal boðaður með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara og umræðuefni kynnt á auglýsingatöflu skólans.

Stjórn skal reglulega senda út fréttir af starfsemi félagsins til félaga t.d. með fréttabréfi, tölvupósti, fréttum á heimasíðu eða í gegnum kjörna fulltrúa NFK í hverjum bekk. Stjórn getur falið öðrum nemendum utan stjórnar ákv. verkefni s.s. að vera diskarar, formenn klúbba eða umsjónarmenn einstakra verkefna á vegum félagsins eða sjá um útgáfu skólablaðsins Snarfara.

Stjórn getur einnig falið bekkjarráðum ákv. stór verkefni í samráði við umsjónarmann félagslífs t.d. umsjón ýmissa viðburða sem NFK skipuleggur.

Stjórn NFK hefur í samstarfi við umsjónarmann félagslífs umsjón með öllu félagsstarfi nema bekkjarkvöldum.

Aðalstjórn NFK hefur samstarf um skipulag félagsstarfs við Nemendafélag Grunnskóla Bláskógabyggðar með því að hafa samband og kynna hugmyndir að dagskrá vetrarins.

#### **4. Kosningar**

Í upphafi hvers skólaárs skal kosið í stjórn Nemendafélags Kerhólsskóla.

Kjörgengir eru nemendur 6. – 8. bekkjar.

Stjórn nemendafélagsins kys 2 fulltrúa í skólaráð til tveggja ára. Árlega er kosinn fulltrúi úr 7. bekk þannig að fulltrúar nemenda í skólaráði skulu vera einn úr 8. bekk og einn úr 7. bekk.

Allir nemendur þessara bekkja eru kjörgengir. Reglur um kosningar setur umsjónarmaður félagslífs og skólastjóri í samráði við stjórn NFK.

### ***Foreldrasamstarf***

Starfsmenn Kerhólsskóla leggja mikla áherslu á gott samstarf við foreldra.

Foreldrar eru ávallt velkomnir að heimsækja skólann þegar kennsla stendur yfir. Alla miðvikudagsmorgna á milli kl. 8:30 – 9:50 er sérstakt foreldrakaffi í grunnskóladeildinni og á fimmtudögum kl. 8:00-9:00 er sérstakt foreldrakaffi í leikskóladeildinni. Þá geta foreldrar spjallað við skólastjóra um skólastarfið og gengið um skólann og séð starfsmenn og nemendur við vinnu.

Umsjónarkennarar grunnskóladeildarinnar eru með fasta viðtalstíma í hverri viku þar sem foreldrar geta haft samband símleiðis eða komið í skólann og hitt kennara. Þrisvar sinnum yfir veturinn eru samtöl umsjónarkennara, foreldra og nemenda. Hausti samtöl, vetrarsamtöl og vorsamtöl. Að auki er eitt samtal í lok haustannar sem nemendur fá með umsjónarkennara sínum.

Haustsamtölin eru í byrjun september og er hvert samtal í 45 mínútur. Haustsamtölin dreifast á tvo daga. Markmiðið með haustsamtölunum eru að nemandi, foreldrar og umsjónarkennari fari sameiginlega yfir áherslur vetrarins, Vörður nemandans og væntingar til komandi vetrar.

Foreldrar þurfa að undirbúa samtalið vel með barninu sínu. Undirbúningurinn felst m.a. í því að fara sameiginlega yfir Vörður barnsins og skrifa niður athugasemdir, svara haustsamtalsblaði og skoða námsmatsmöppuna.

Fyrir vetrar og vorsamtölin fá nemendur námsmatsmöppur sínar heim með sér að minnsta kosti 2-3 dögum fyrir samtölin. Þannig geta foreldrar skoðað vel námsmatsmöppurnar með barni sínu fyrir samtalið og þannig verða samtölin mun markvissari.

Við skólann er starfandi skólaráð, foreldrafélag og bekkjartenglar.

## Skólaráð

Samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla frá árinu 2008 skulu starfa foreldraráð í leikskólum og skólaráð í grunnskólum. Í bæði leikskólalögunum og grunnskólalögunum er tekið fram að þar sem skólar eru samreknir geta sveitarstjórnir ákveðið að þessi tvö ráð starfi sameiginlega í einu ráði.

Í Kerhólsskóla starfar eitt sameiginlegt skólaráð. Í 8. gr. laga um grunnskóla stendur eftirfarandi;

*Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og móttun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.*

*Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.*

*Ráðherra setur reglugerð um starfsemi skólaráða í samráði við samtök sveitarfélaga, kennara og foreldra.*

Á starfsmannafundi skólans að hausti eru kosnir fulltrúar starfsamanna í skólaráð til tveggja hári. Þess er gætt að starfsmennirnir komi úr báðum deildum skólans. Á aðalfundi Foreldrafélags Kerhólsskóla að hausti kjósa foreldrar sína fulltrúa í skólaráð.

## Foreldrafélag

Foreldrafélag Kerhólsskóla var stofnað 17. febrúar 2011. Í 4. grein laga félagsins er tilgreint að stjórn félagsins skipa fimm foreldrar/forráðamenn og að æskilegt sé að einn af þeim sé einnig fulltrúi foreldra í skólaráði. Þar er jafnframt tilgreint hvernig kosningar skulu fara fram.

Í 2. gr laganna stendur:

*Markmið félagsins er að:*

- vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum
- efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans
- styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði
- koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál
- standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska

Í 3. gr. laganna stendur:

*Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því að:*

- skipuleggja og halda utan um starf bekkjarfulltrúa í hverjum bekk
- koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál
- kjósa fulltrúa í skólaráð samkvæmt reglum félagsins
- standa að upplýsingamiðlun til foreldra m.a. með útgáfu fréttabréfs og á vefnum þar sem birtar eru fundargerðir og annað er viðvíkur starfsemi félagsins
- veita skólayfirvöldum lið svo að aðstæður til náms og félagslegra starfa verði sem bestar
- styðja og efla hverja þá starfsemi sem stuðlar að auknum þroska og menningu skólans
- taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög, svæðisráð og landssamtök foreldra

Lög foreldrafélagsins, fundargerðir félagsins og frekari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans.

## **Bekkjjarfulltrúar**

Í hverjum árgangi nemenda eru valdir foreldrar til að vera bekkjarfulltrúar (eða bekkjartenglar). Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að auknu samstarfi foreldra, kennara og nemenda innan hvers bekkjar. Samkvæmt lögum foreldrafélagsins er fulltrúi í hverjum árgangi. Farið er eftir starfrófsröð barnanna í bekkjunum hvaða foreldrar eru fulltrúar. Foreldrar barna sem eru fremst í stafrófinu í hverjum árgangi eru tenglar nú í vetur. Hver bekkjarfulltrúi fær afhenda möppu í byrjun síns starfs sem heitir: „Foreldrabankinn“.

## **Mat á skólastarfi**

Mat á skólastarfi tengist umræðu um gæði skólastarfs og er ein leið til umbóta í skólum.

Með grunnskólalögnum frá 1995 var mat á skólastarfi lögfest. Í 35. gr. nýrra grunnskólalaga er fjallað almennt um mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs. Í 36. gr. er fjallað um innra mat skóla og þar kemur fram að hver grunnskóli eigi að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna,

nemenda og foreldra eftir því sem við á. Þar segir að grunnskólar eigi að birta opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Í grunnskólalögum er sagt, að sveitarfélög eigi að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur.

Skólum er í sjálfsvald sett hvaða aðferðum þeir beita við sjálfsmatið. Menntamálaráðuneytið gerir áætlanir til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs.

Menntamálaráðuneytið gaf út heftið *Sjálfsmat skóla* árið 1997. Þar kemur fram að tilgangurinn með sjálfsmati sé sá að miðla upplýsingum um skóla og stuðla að vexti og þróun innan þeirra. Í ritinu eru tilgreind þau atriði sem ráðuneytið telur mikilvæg sem viðmið fyrir úttekt á sjálfsmatsaðferðum.

Í sjálfsmati skal koma fram stefna og markmið skóla og skilgreining á leiðum til þess að ná þeim. Sjálfsmat á að draga fram sterkar og veikar hliðar skólastarfsins. Megintilgangur sjálfsmatsins er að gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Þetta á jafnt við um markmið og áherslur í lögum, reglugerðum og [aðalnámskrá](#) og staðbundin markmið sem skólarnir setja fram í skólanámskrá. Um leið skapar sjálfsmat faglegan grundvöll fyrir umbætur. Með sjálfsmati fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið sem veitir upplýsingar um í hve miklum mæli árangur skólastarfsins er í samræmi við markmið.

Í skólanum er starfandi sjálfsmatsteymi skipað skólastjóra, fulltrúum starfsmanna, foreldra og nemenda. Sjálfsmatsáætlun Kerhólsskóla er til þriggja ára og hófst formlega haustið 2009. Skólaárið 2008 – 2009 var unnið að margvíslegum undirbúningi, s.s. kynningu á sjálfsmati í skólasamfélaginu, gerð sjálfsmatsáætlunar og matstækið Skólamat var keypt. Á heimasíðu skólans má finna sjálfsmatsáætlunina og áfangaskýrslur.

### **3. Stoðþjónusta**

#### ***Einstaklingurinn í fyrirrúmi***

Í grunnskólanum er einstaklingurinn í fyrirrúmi. Hver einstaklingur skiptir miklu máli og það er reynt að koma til móts við þarfir allra eins og kostur er. Það gerum við með því að vera með einstaklingsmiðað nám. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga öll börn rétt á kennslu við hæfi í sínum heimaskóla.

Samkvæmt 40. gr. grunnskólalaga þar sem fjallað er um sérfræðiþjónustu stendur:

Sveitarfélög skulu tryggja að sérfræðiþjónusta sé veitt í grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan grunnskóla. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi grunnskóla og starfsfólk þeirra.

## Sérkennsla

Við skólann starfar sérkennari sem hefur jafnframt verkefnaumsjón með sérkennslunni og skipuleggur hana. Hann heldur utan um öll trúnaðargögn varðandi sérkennslunemendur. Þegar grunur vaknar um að nemendur þurfi á sértækum aðgerðum að halda vegna námserfiðleika, byrjar sérkennari að skoða málið í samvinnu með umsjónarkennara. Hann leggur t.d. fyrir ákveðnar kannanir til að greina vandann eða vísar málinu áfram til frekari greiningar ef ástæða þykir til. Sérkennari aðstoðar umsjónarkennara varðandi tilvísanir til Skólaskrifstofu Suðurlands og sér um að koma þeim á réttan stað. Tilvísanir eru ávallt gerðar í fullu samráði við foreldra. Sérkennari sér jafnframt um önnur samskipti við sérfræðinga utan skólans ásamt skólastjóra. Verkefnisstjóri sérkennslu sér um nær alla sérkennslu skólans, þar með talda íslenskukennslu fyrir nýbúa. Að vori metur sérkennarinn ásamt skólastjóra og umsjónarkennurum þörfina fyrir sérkennslu næsta skólaárs. Áherslur í sérkennslunni geta verið breytilegar á sjálfu skólaárinu en þær miðast fyrst og síðast við þarfir nemenda skólans. Allar breytingar eru unnar í samráði við umsjónarkennara. Foreldrar þurfa að gefa samþykki fyrir því að nemendi fái sérkennslu.

## Heilsugæsla

### Heilsugæsla

Heilsugæsla Kerhólsskóla heyrir undir Heilsugæslustöðina í Laugarási og sinnir hjúkrunarfræðingur heilsugæslunnar henni. Hjúkrunarfræðingur kemur samkvæmt áætlun aðra hverja viku.

Meginmarkmið skólaheilsugæslu er að stuðla að því að börn fái að vaxa, þroskast og stunda nám sitt við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á.

Heilsugæsla skólabarna er framhald af ung- og smábarnavernd. Skólaheilsugæslan leitast við að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra.

Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í náinni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda.

Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

### Reglubundnar skoðanir og bólusetningar:

**1. bekkur** Sjónpróf, heyrnarpróf, hæðarmæling og þyngdarmæling.

**4. bekkur** Sjónpróf, hæðarmæling og þyngdarmæling.

**7. bekkur** Sjónpróf, hæðarmæling, þyngdarmæling og athugun á litaskyni.

Bólusettt gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt (ein sprauta). Einnig fá stúlkur í 7. bekk bólusetningu við HPV veiru sem talin er að valda leghálskrabbameini.

Læknisskoðun er í 1. og 7. bekk og sjá læknar Heilsugæslunnar um þær. Nemendur í öðrum árgöngum eru skoðaðir ef ástæða þykir til. Skólaheilsugæsla fylgist með því að börn hafi fengið þær bólusetningar sem tilmæli landlæknis segja til um. Ef börn hafa ekki fengið fullnægjandi bólusetningar verður haft samband við foreldra áður en bætt verður úr því. Ef foreldrar vilja fremur fara með börn sín í bólusetningu á Heilsugæslustöðina er sjálfsagt að verða við því.

### **Fræðsla / heilbrigðishvatning / forvarnir**

Skólaheilsugæsla sinnir skipulagðri heilbrigðisfræðslu og notar til þess fræðsluefni **6H** og hvetur til heilbrigðra lífshátta, foreldrum er bent á heimasíðu Lýðheilsustöðvar og tengillinn á 6H á forsíðu Kerhólsskóla. Send eru dreifibréf heim eftir hverja fræðslu þannig að foreldrar geti fylgt henni eftir. Öll tækifæri sem gefast eru nýtt til að fræða nemendur og vekja þá til umhugsunar og ábyrgðar á eigin heilbrigði. Foreldrar geta leitað eftir ráðgjöf skólaheilsugæslunnar varðandi vellíðan, andlegt, líkamlegt og félagslegt heilbrigði barnsins.

### **Tannvernd**

Flúorskolun fá nemendur í 1. og 7. bekk reglulega. Einnig er mælt með því að öll börn skoli með flúor heima til varnar tanskemmdum. Tannburstun með flúortannkremi tvisvar sinnum á dag er áhrifamikill þáttur í daglegri vörn gegn tannátu hjá öllum aldurshópum. Skólaheilsugæslan sinnir einnig skipulagðri fræðslu um varnir gegn tanskemmdum og um eigin ábyrgð á heilbrigðum tönnum.

### **Svefn, nesti og skjólfatnaður**

Reglulegur og nægjanlegur svefn er mikilvægur fyrir heilsu og þroska barna. Börn þurfa að sofa **10-12 klst á nóttu**. Skóladagur nemenda er langur, mikilvægt er að borða reglulega og hafa hollt og gott nesti. Nægur svefn og góður morgunmatur er forsenda fyrir því að nemendum líði vel í skólanum og geti tekist á við verkefni dagsins. Einnig er nauðsynlegt að nemendur séu klæddir eftir veðri.

### **Slys og veikindi**

Veitt er fyrsta hjálp í skólanum og minniháttar slysum er sinnt. Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð eða slysadeild skulu foreldrar/forráðamenn fara með barninu. Mikilvægt er að skólinn hafi öll símanúmer sem hægt er að ná í foreldra á skólatíma barnsins.

Ef barnið er með greindan alvarlegan sjúkdóm sem getur stefnt heilsu /lífi þess í bráða hættu er nauðsynlegt að skólaheilsugæsla viti af því. Hér er átt við sjúkdóma eins og t.d. sykursýki, ofnæmi, flogaveiki og blæðingarsjúkdóma.

## **Lyfjagjafir**

Samkvæmt fyrirmælum Landlæknisembættisins eru sérstakar vinnureglur varðandi lyfjagjafir til nemenda á skólatíma. Þar kemur m.a. fram að skólabörn skulu ekki fá önnur lyf í skólanum en þau ávísað er af lækni. Í engum tilfellum getur barn borið ábyrgð á lyfjatökunni, ábyrgðin er foreldra. Börn skulu ekki hafa nein lyf undir höndum í skólanum nema í algjörum undantekningartilvikum. Slíkar lyfjagjafir geta t.d. verið insúlínjafir sem barnið sér sjálft alfarið um.

Foreldrar / forráðamenn þeirra barna sem þurfa að taka lyf á skólatíma skulu hafa samband við skólaheilsugæslu sem skipuleggur lyfjagjafir á skólatíma.

## **Lús**

Lúsin kíkir alltaf reglulega í heimsókn yfir skólaárið og því mikilvægt að foreldrar kambi hár barna sinna reglulega.

Auk hefðbundinna verkefna er varða skólaskoðun og flúorskolun gefst nemendum tækifæri að fá einkaviðtöl hjá skólahjúkrunarfræðingi. Einnig hefur skólahjúkrunarfræðingur með ýmsa fræðslu að gera sem viðkemur hollustu og heilbrigði. Heilsugæsla Kerhólsskóla heyrir undir Heilsugæslustöðina í Laugarási og sinnir Anna Ipsen hjúkrunarfræðingur henni. Hjúkrunarfræðingur á að koma samkvæmt áætlun aðra hverja viku.

## **Félagsráðgjöf**

Nanna Mjöll Atladóttir er starfsmaður Velferðarþjónustu Árnesþings og veitir skólanum þjónustu og ráðgjöf. Hún starfar við Heilsugæslustöðina í Laugarási og hefur viðveru þar alla virka daga. Síminn þar er 486 8800. Félagsmálastjóri er María Kristjánsdóttir.

## **Skólaskrifstofa Suðurlands**

Skólaskrifstofa Suðurlands veitir sérfræðiþjónustu á sviði sálfræði- og kennsluráðgjafar, auk margvíslegrar annarrar ráðgjafar til sveitarstjórna, skólastjórna og foreldra. Oftast er það umsjónarmaður sérkennslu og kennarar í samráði við foreldra sem vísa nemendum til þeirra sem fara með þá þjónustu. Umsjónarmaður sérkennslu sér um að koma formlegum umsóknum til Skólaskrifstofu Suðurlands. Þá geta foreldrar leitað aðstoðar þangað að eigin frumkvæði.

Skólaskrifstofa Suðurlands er til húsa að Austurvegi 56 á Selfossi og er síminn 480 8240. Forstöðumaður hennar er Kristín Hreinsdóttir.

Skólasálfræðingur skólans er Alda Sigrún Magnúsdóttir og kennsluráðgjafi skólans er Elínborg Sigurðardóttir. Talmeinafræðingur er Hólmfríður Árnadóttir.

## 4. Hagnýtar upplýsingar

### **Forföll og leyfi**

Veikindi ber að tilkynna í upphafi skóladags. Nemandi sem er veikur á að vera heima. Nemandi sem er að ná sér eftir veikindi getur fengið að vera inni í frímínútum og útivist enda komi beiðni þar um frá foreldri eða forráðamanni. Sama gildir ef nemandi getur ekki mætt í íþróttir vegna veikinda.

Foreldrar leikskólanemenda eru vinsamlegast beðnir um að tilkynna skólanum ef þeir hyggjast hafa börnin heima til lengri eða skemmri tíma.

Í grunnskóladeild skólans veitir umsjónarkennari leyfi til tveggja daga. Ef þörf er á leyfi til lengri tíma ber að sækja um það skriflega til skólastjóra. Umsóknareyðublað er á heimasíðu skólans. Öll röskun á námi nemandans sem hlýst af umbeðnu leyfi er á ábyrgð foreldra eða forráðamanna.

Ef nemendur fara ekki með skólabílnum að morgni eða heim úr skóla vegna veikinda eða annarra ástæðna verða foreldrar að láta skólabílstjórana vita.

### **Svefn**

Börn og unglingar þurfa meiri svefn en fullorðnir. Börn í yngri deildum grunnskóla þurfa að jafnaði 10-12 tíma svefn og þau sem eldri eru þurfa 9-10 tíma. Svefn er börnum og unglingum mjög mikilvægur með tilliti til almenns þroska og náms. Ef svefn er ónógur minnkar athygli og geta til að taka þátt í námi og starfi.

### **Frímínútur - fatnaður**

Nemendur í leikskóladeildinni fara að öllu jöfnu í útiveru daglega. Í grunnskóladeildinni fara nemendur út á skólalóð í frímínútum og er óheimilt að fara út af skólalóð á skólatíma. Nemendur í 8. bekk fá að vera inni á þriðjudögum og fimmtudögum ef þeir kjósa svo.

Nemendur eiga að vera vel klæddir í samræmi við veður. Þegar úti er snjór er með öllu bannað að henda honum í börn, fullorðna og skólabyggingar. Þeim sem hafa gaman af snjókasti er beint á ákveðinn stað á skólalóðinni til þess. Aðrir nemendur sem eru að byggja úr snjó eða eru við annan leik eiga að fá næði til þess.

### **Kennslubækur**

Flestar kennslubækur fá nemendur að láni hjá skólanum. Þegar þeir fá lánsbók merkja þeir hana í þar til gerðan reit. Þar er einnig sagt til um ástand bókarinnar við móttöku. Það ætti að vera metnaðarmál hvers nemandar að skila bókum í sem bestu ástandi. Ef nemandi eyðileggur, týnir eða skemmir bók, hljóðbók eða hljóðdisk ber honum að greiða hana að fullu.

## **Persónulegir munir**

Skólinn tekur enga ábyrgð á persónulegum munum nemenda. Mikilvægt er því að nemendur komi ekki með peninga í skólann að þarflausu eða skilji verðmæti eftir í fötum sínum í fatahengjum eða í búningasklefum.

## **Tryggingar og tjón**

Ef nemandi slasast eða verður fyrir meiðslum í skóla á skólatíma, á skólalóð á skólatíma og í ferðum/ferðalögum á vegum skólans þá greiðir skólinn reikninga vegna komu þeirra á slysadeild. Tjón á eignum nemenda, s.s. fatnaði, gleraugum o.þ.h. er ekki bætt nema það verði rakið til mistaka starfsmanna sem við skólann starfa eða vegna vanbúnaðar skólahúsnæðis.

Allir nemendur skólans eru slysatryggðir en persónulegir munir nemenda eru ekki tryggðir. Það er því nauðsynlegt að brýna fyrir nemendum að skilja ekki verðmæti eftir þar sem ekki er hægt að hafa eftirlit með þeim. Ef nemandi veldur vísvitandi skemmdum á eignum skólans eða þeirra sem þar starfa, er hann bótaskyldur.

## **Nesti**

Leikskólanemendur fá mat í hádeginu og í kaffitímum og er borgað sérstaklega fyrir það. Sjá nánar í reglum leikskóladeildarinnar.

Brýnt er fyrir grunnskólanemendum að hafa með sér hollt og gott nesti í skólann. Neysla sælgætis og gosdrykkja er ekki leyfð í skólanum. Undantekningar eru gerðar við sérstök tilefni í skólastarfinu. Nemendur fá ávexti í skólanum eftir hádegi á löngum skóladögum.

## **Brunavarnir og neyðarskipulag**

Rýmingaráætlun er til fyrir skólann og hana má finna á heimasíðunni. Í skólanum hanga uppi myndir af útgönguleiðum ef rýma þarf húsið vegna bruna. Brunavarnarkerfi er í húsinu og umsjónarkennarar kenna nemendum rétt viðbrögð ef það fer í gang. Haldin er brunaæfing að minnsta kosti einu sinni á skólaárinu.

## **Óveður**

Að fella niður kennsla vegna veðurs er neyðarúrræði. Ef ekki hefur komið tilkynning frá skólanum um að kennsla falli niður, en foreldrar telji veður viðsjált og hættulegt börnum sínum, halda þeir þeim að sjálfsögðu heima. Foreldra er fyrst og fremst ábyrgðin. Slík forföll ber að tilkynna eins og önnur.

Skólabílstjórar og skólastjóri meta hvort fella þurfi niður skólaakstur vegna færðar eða veðurs.

## **Skóladagatal**

Skóladagatal skólans er ákveðinn rammi utan um skólastarfið. Skóladagatal hvers árs fer í umræðu á kennarafundum, í skólaráði og er síðan að lokum lagt fyrir fræðslunefnd til samþykktar.

Samband íslenskra  
sveitarfélaga

## Skóladagatal 2011 - 2012

Nafn skóla: **Kerhólsskóli**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁÍ	JÚNÍ
1 M Frídagur veitunæmna	1 F	1 L Níma- og lýnastíó	1 Þ Nemendaeftirlit - grunnsk.	1 F Fólkskóladagurinn	1 S Nýskólagur	1 M Nímaft - grunnsk.	1 F	1 S Þrjúsumardagur	1 Þ Veiðiskóladagurinn	1 F Vordagur grunnsk.
2 Þ	2 F	2 S Níma- og lýnastíó	2 M	2 F	2 M Starfdegi - leiksk.	2 F Nímaft - grunnsk.	2 F	2 M Leikskóladagurinn opin	2 M	2 L Skólaárið - upptökuárið 12
3 M	3 L	3 M	3 F Starfdegi - grunnsk.	3 L	3 Þ Leikskóladagurinn opin	3 F Nímaft - grunnsk.	3 L	3 Þ Leikskóladagurinn opin	3 F	3 S
4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S	4 M Starfdegi - grunnsk.	4 L	4 S	4 M Leikskóladagurinn opin	4 F	4 M Starfdegi - grunnsk.
5 F	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F Kennala heiti í grunnsk.	5 S	5 M	5 F Skóladagur	5 L	5 Þ Starfdegi - grunnsk.
6 L	6 Þ Háskólaárið - grunnsk.	6 F Hædding a.h.	6 S	6 Þ	6 F Hvítindinn	6 M Starfdegi - Daga leikskólans	6 Þ	6 F Fólksdagurinn lengi	6 S	6 M Starfdegi - grunnsk.
7 S	7 M Háskólaárið - grunnsk.	7 F	7 M	7 M	7 L	7 Þ Starfdegi grunnsk.	7 M	7 L	7 M Starfdegi	7 F Starfdegi - grunnsk.
8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F	8 S Þrjúdagur	8 Þ	8 F
9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F	9 M	9 F	9 F	9 M Annar í jókunum	9 M	9 L
10 M	10 L	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S
11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 L	11 S	11 M	11 F Óskott - Kópaborg	11 M
12 F	12 M	12 M S ísl. heimskona býrja	12 L	12 M	12 F	12 S	12 M	12 F	12 L	12 Þ
13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 M Vetrari - grunnsk.	13 Þ	13 F	13 S	13 M
14 S	14 M	14 F	14 M	14 M	14 L	14 Þ Vetrari - grunnsk.	14 M	14 L	14 M	14 F
15 M Starfdegi	15 F Hópahei heiti - leiksk.	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 M Vetrari - grunnsk.	15 F	15 S	15 Þ	15 F
16 Þ Starfdegi grunnsk/leiksk. opin	16 F Daga lei. náttúra	16 S	16 M Daga íslenskra tungu	16 F	16 M	16 F	16 F	16 M	16 M Skólaárið - leiksk.	16 L
17 M Starfdegi - grunnsk.	17 L	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 L	17 Þ	17 F Uppfyllingisdagur	17 S Ljósveldidagurinn
18 F Starfdegi - grunnsk.	18 S	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 L	18 S	18 M	18 F Nímaftarmappa heim	18 M
19 F Skólaheiti - grunnsk.	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 S	19 M	19 F Samræddagurinn fyrsti	19 L	19 Þ
20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ Litlu jól	20 F	20 M Skóladagur	20 Þ	20 F	20 S	20 M
21 S	21 M	21 F	21 M	21 M Leikskóladagurinn opin	21 L	21 Þ Þrjúdagur	21 M	21 L	21 M	21 F
22 M	22 F Samr. gr. lei 4,7 b	22 L	22 Þ	22 F Leikskóladagurinn opin	22 S	22 M Skóladagur	22 F	22 S	22 Þ Vörðun - grunnsk.	22 F
23 Þ	23 F Samr. gr. stöð 4,7 b	23 S	23 M	23 F Leiksk. opin - Fortíðarmasa	23 M	23 F	23 F	23 M	23 M	23 L
24 M	24 L	24 M	24 F	24 L Almennidagur jóla	24 Þ	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 S
25 F Hingvall X2	25 S	25 Þ	25 F	25 S Jóladagur	25 M	25 L	25 S	25 M Daga umhverfisins	25 F	25 M
26 F Hingvall	26 M	26 M	26 L	26 M Annar í jókunum	26 F	26 S	26 M Forráðgjafi - leiksk.	26 F	26 L	26 Þ
27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ Leikskóladagurinn opin	27 F	27 M Vetrari - grunnsk.	27 Þ Forráðgjafi - leiksk.	27 F	27 S Hvítsumardagur	27 M
28 S	28 M Vetrari - Nímaft	28 F	28 M	28 M Leikskóladagurinn opin	28 L	28 Þ	28 M Áhrifárið 12 - Forráðgjafi	28 L	28 M Annar í hvítsumru	28 F
29 M	29 F Vetrari - Nímaft	29 L	29 Þ	29 F Leikskóladagurinn opin	29 S	29 M	29 F	29 S	29 Þ	29 F
30 Þ	30 F Vetrari - Nímaft	30 S	30 M	30 F Leikskóladagurinn opin	30 M Nímaft - grunnsk.		30 F	30 M S ísl. heimskonan ljúka	30 M Vordagur - grunnsk.	30 L
31 M		31 M Nemendaeftirlit - grunnsk.		31 L Gamlihringur	31 Þ Nímaft - grunnsk.		31 L		31 F Vordagur grunnsk.	
10 skóladage	10 skóladage	21 skóladage	21 skóladage	14 skóladage	19 skóladage	16 skóladage	20 skóladage	14 skóladage	19 skóladage	3 skóladage

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasamband Íslands skulu skóladagar grunnskólanemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar GOGG verða þeir 179 í Kerhólsskóla skólaárið 2011-2012. Sérstakir starfsdagar grunnskólakennara á starfstíma nemenda eru fimm og eru **merktir gulir** og skulu ákveðin af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar leikskólakennara eru fjórir og eru einnig **merktir gulir**. Þrjú daga vetrarfrí í leik- og grunnskólanum í september eru **merktir dökkgrænir**. Þrjú daga vetrarfrí í Ljósuborg í febrúar eru **merktir grænir**. Starfsdagar grunnskólakennara utan starfstíma nemenda eru 8 og eru **merktir gulir**. Sameiginlegir starfsdagar leik- og grunnskólans eru **merktir skargulir**.

